



BESTU ÍSLENSKU FÓTBOLTASTELPUARNAR ▶ 38



Aleksandra er fyrsti útlendingurinn í lögreglunni ▶ 22

REKSTRARLANDS BLAÐIÐ FYLGIR
Opnum 11. maí, Skeifunni 11
www.rekstrarland.is

FRÁBÆR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
11. maí 2013
110. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

*Samkvæmt örnefniáskránni á www.eyrarskipti.is, janúar - mars 2014



23 ÁRA ÞRIGGJA BARNNA FAÐIR

Eyþór Ingi Gunnlaugsson hefur staðið í sviðsljósinu síðan hann var sautján ára. Tvítugur var hann kominn í sambúð með tvö börn og er nú þriggja barna faðir. Hann býr sig undir stærstu stund ferils síns í næstu viku þegar hann syngur fyrir hundruð milljóna, hálfum mánuði áður en hann verður 24 ára. ▶ 24



MESTU HIPSTERAHJÓN LANDSINS Svavar Pétur og Berglind hafna lífsgæðakapphaupinu. ▶ 34



BORGARSTJÓRINN AFTUR Í GRÍNID ▶ 78



ÖLLGRILLÁHÖLD 33%

ÞESSA HELGI AFSLÁTTUR byggtogbúið | Kringlunni

HOLLAND & BARRETT

Heilsubúð í Smáralind
MIKIÐ ÚRVAL • FRÁBÆR GÆÐI • BETRI VERÐ

20% afsláttur af allri matvöru

Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is f Holland and Barrett Ísland

Eurovision-gleði
11.-12. maí

Frábær tilboð alla helgina sjá síðu 14

Smáralind



KREFST 366 MILLJÓNA 4
Slitastjórn Glitnis hefur stefnt fimma manns vegna láns sem veitt var til Stíms.

DAUÐAREFSING MÖGULEG 6

Saksóknari fer líklega fram á dauðarefsingu yfir Ariel Castro, sem hélt þremur stúlkum fongnum í um áratug.

BÚIÐ AÐ AFMÁ STAFINA Í HVERFJALLI 6

„Það skortir úrræði á Íslandi til að bregða fæti fyrir ólöglegt niðurhal.“ 10

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Smáis.

SKOÐUN 12→18

SKAMMTÍMALAUSNIR 12

Þorsteinn Pálsson skrifar um Ísland á alþjóðavettvangi.

HVER BER ÁBYRGÐINA? 16

Ólafur Hallgrímsson skrifar um afleiðingar Kárahnjúkavirkjunar og áhrif á lífríkið í Lagarfljóti.



HELGIN 22→46

LÚTA EIGIN LÖGMÁLUM 30

Mótorhjólakappar í Kansas eru viðfangsefni ljósmyndarans Spessa á sýningunni Nafnlaus hestur.

SKÍNANDI SUMARLITIR 32

Flikur með málmáferð setja skemmtilegan svip á sumardressið.

HLEMMUR VAR ÓMERKILEG BRÚ 36

Hlemmur, Skuggahverfið og Pingholt. Í Reykjavíkurborg má finna fjölda örnefna sem ekki allir þekkja söguna á bak við.

KRAKKAR 44 KROSSGÁTA 46



MENNING 56→78



NÝR MATREIÐSLUPÁTTUR 60
Árni Ólafur Jónsson tók Borgarfjörðinn fram yfir Manhattan.

SJÓÐHEITUR POPPARI OG TÍSKUÁHUGAMAÐUR 64
Pharrell Williams er einn heitasti tónlistarmaðurinn í dag.

GERIR BÓK ÚR BLOGGINU 78
Eva Laufey Kjaram Hermannsdóttir undirbýr útgáfu sinnar fyrstu matreiðslubókar.

SPORT 70→72

PETTINELLA ÁTTI ÓLÖGLEGA DRYKKINN 70

Ómar Örn Sævarsson var dæmdur í leikbann fyrir að neyta orkudrykkjar líðsfélaga síns.

ÚRSLITIN RÁÐAST Á WEMBLEY 72
Manchester City og Wigan eigast við í úrslitaleik ensku bikarkeppinnar í dag.



Til leigu verslunarhúsnæði á besta stað í miðbæ Hafnarfjarðar




Til leigu verslunarhúsnæði við Fjarðargötu 19 í miðbæ Hafnarfjarðar. Hægt er að leigja húsnæði á bilinu 130 til 364,2 fermetrar. Góð bílastæði, gott aðgengi og stórir gluggar. Húsnæðið er laust.

Uppl. veita Úlfar Þór Davíðson s: 897-9030 og Gunnar Skúli Guðjónsson 696-7008

FIMM Í FRÉTTUM SKÓGARHÖGG OG SVAMPUR SVEINSSON



Theodóra Guðrún Hrafnadóttir var í fyrra valin Reykvíkingur ársins fyrir uppgræðslustarf sitt í lundinum við Rituhóla. Skógurinn var grísaður af íbúum í Breiðholti án tilskilinnar leyfa. „Mér varð um – ég fékk áfall. Þetta er alveg hræðilegt,“ sagði Theodóra.



Katrín Aðalsteinsdóttir ól tvíburadætur sínar, Halldóru Gyðu og Þóru Margréti Halldórsdætur, í janúar. Þá hafði hún gengið með þær í einungis 25 vikur. Full meðganga er um 40 vikur.



Erla Bolladóttir kærði lögreglumann sem fór með rannsókn í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu fyrir kynferðisofbeldi. Maðurinn, sem er enn starfandi innan lögreglunnar, verður ekki ákærður. Brotið, sem átti sér stað árið 1976, er fyrnt.



Þórunn María Örnólfsdóttir leigði íbúð á Akranesi og brá heldur í brún þegar í ljós kom að leigusaliinn hafði ákveðið að hætta að greiða af húsnæðisláninu. Íbúðin fór því á nauðungaruppböð en Þórunn hafði þá greitt 105 þúsund á mánuði í vasa leigusalans.

→ **Ágúst Freyr Kristinsson**, annar af hugmyndasmiðum teiknimyndapáttanna Space Stallions, greindi frá því í vikunni að hópurinn hefði fengið höfund Svamp Sveinssonar og Beavis and Butthead, til þess að þróa handrit að teiknimyndaseríu.



TARFUR Á TINDI Tarfurinn er veturgamall og var sennilega að sækja í æti. Höfn í Hornafirði í baksýn. MYND/SIGURÐUR RAGNARSSON

Rakst á hreindýr á illkleyfum fjallstindi

Sigurður Ragnarsson rakst á hreindýr á heilsubótargöngu á tindi Ketillaugarfjalls í Nesjum. Þetta háttalag hreindýra er þó ekki einsdæmi, að sögn líffræðings.

NÁTTÚRA „Ég var í heilsubótargöngu á Ketillaugarfjalli þegar ég rakst á hreindýrið þarna á toppi fjallsins. Hingað til hef ég aldrei rekist á neitt kvíkt þarna nema fugla,“ segir Sigurður Ragnarsson, nemi frá bænum Akurnesi í Nesjum.

Sigurður lagði á fjallið 17. apríl og þegar hann var kominn í um 600 metra hæð tók hann eftir dýrinu þar sem það stóð á eystri hluta tindsins, en hann er kloffinn frá þeim vestari með klettaskorum. „Töluvert klettaklöngur

er að komast þarna upp og ljóst að dýrið hefur þurft að hafa fyrir þessu. Þegar dýrið varð vart við mig fór það í skjól sunnan í tindinum. Mér datt fyrst í hug að dýrið væri í sjálfheldu,“ segir Sigurður sem gat ekki fylgst með því hver næstu skref dýrsins voru. „Það var náttúrulega frekar skrítið að rekast á eitt dýr þarna uppi. Á þessum árstíma halda þau sig flest á eða við tún bænda,“ segir Sigurður, sem ráðfærði sig við Skarphéðin Þórisson, sérfræðing hjá Náttúrustofu Austurlands (NA).

Í svari hans kemur fram að hreindýrið var veturgamall tarfur; líklega að sækja í æti. Staðurinn bendi til að dýrið var vel á sig komið, en NA hafa áður borist fregnir af hreindýrum uppi á fjallstindum, og það jafnvel mörg saman. Eins hafi merki frá „senditækjakusunni Grímu“ sýnt að hún dvaldi í júníbyrjun 2009 í þúsund til tólf hundruð metra hæð í Þjófaldum á bak við Snæfell, sem rís í 1.833 metra hæð 20 kílómetra norðaustan Brúarjökuls í norðanverðum Vatnajökli. svavar@frettabladid.is

Umhverfis- og skipulagsvið með tillögu um betri aðstöðu fyrir hjólréiðafólk: Malbikað og brúað í Elliðaárdal

ÚTIVIST Áætlað er að gera malbikaðan hjólréiða- og göngustíg þvert fyrir Elliðaárdal með tilheyrandi brúm yfir báðar kvíslar árinna.

Tillögu um þessa nýju samgönguæð frá umhverfis- og skipulagssviði var í skipulagsráði vísað til umsagnar aðila sem ráðið telur eiga hagsmuna að gæta varðandi framkvæmdina. Þetta eru Veðimálastofnun, Fiskistofa, Orkuveita Reykjavíkur og Landssamband hjólréiðamanna.

Stígurinn á að liggja um það bil frá undirgöngum sunnan Bústaðavegar að gömlu rafstöðinni í Elliðaárdal. Á miðri leið á að vera áningarstaður við hringtorg. -gar

NÝ BRÚ Brúa á neðan laxateljars í eystri kvísl Elliðaána. SAMSETT MYND/LANDSLAG



SÚPER KAUP

LÝKUR
SUNNUDAG
TAKMARKAÐ MAGN!

Reiðhjól og fylgihlutir
20% AFSLÁTTUR*

AUTHOR

20%
AFSLÁTTUR



PÚ
SPARAR
20.000 KR

BeefEater
gæða gasgrill
Discovery 900
59.900 kr.
fullt verð 79.900 kr.

BeefEater

PÚ
SPARAR
3.400 KR

Risasýpris
3.990 kr.
fullt verð 7.390 kr.
meðan birgðir endast



2001000

PÚ
SPARAR
3.000 KR

Litaðir hnífur
5 stk
3.999 kr.
fullt verð 6.999 kr.

Hnífastandur seldur sér



PÚ
SPARAR
15.000 KR

Trampolín 12 ft.
og öryggisnet
34.900 kr.
fullt verð 49.900 kr.

3900557

Öll innimálning,
útimálning og viðarvörn
20% AFSLÁTTUR

HarpaSjófn
JOTUN

20%
AFSLÁTTUR



Bláakorn 5kg
1.190 kr.
fullt verð 1.590 kr.

5087665



Allar garðstyttnar
35% AFSLÁTTUR*

GARÐÁLFAR OG
GARÐSTYTTUR
**35%
AFSLÁTTUR**



Gönguskór leður
12.990 kr.
fullt verð 19.990 kr.

5862969-2980



PÚ
SPARAR
7.000 KR

5084343

Laufhrífa Green it
799 kr.
fullt verð 1.295 kr.



5084405

Kantskeri Green it
2.495 kr.
fullt verð 4.555 kr.



5087381

Úðabrúsi Green it
5 ltr.
1.499 kr.
fullt verð 2.995 kr.



5084771

Greinaklippur Green it
995 kr.
fullt verð 1.795 kr.



blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma

04.05.2013 → 10.05.2013



ALEX FERGUSON hætti í vikunni sem stjóri Manchester United eftir 26 ár í starfi. Hann vann 13 Englandsméistarititla með liðinu. Á sama tíma stýrðu 24 menn Real Madrid.

18 MÁNUÐIR

Saksóknari vill að Bakkabróðirinn Lýður Guðmundsson sitji í fangelsi í 18 mánuði.

UM 50 íslenskir Eurovision-aðdáendur verða í Malmö Arena 16. maí þegar Eyþór Ingi stígur á svið fyrir Íslands hönd.

713.000 KR.

Íslenskur maður þurfti að borga 713.000 króna sekt í ríkissjóð fyrir að borga ekki toll af 2,8 milljóna króna úri. Úrið var gert upptækt.

Lýðræðisvaktina vantaði **67** atkvæði til að ná **2,5** prósentu fylgi, sem hefði tryggt henni **10** milljóna ríkisstyrk á kjörtímabilinu.



738



Enginn var oftast strikaður út af framboðslistum í alþingiskosningunum en Bjarni Benediktsson, **738** sinnum.



JARÐSKJÁLFTAR

allt að 4,2 á Richter urðu við Fuglaskerín á Reykjaneshrýgg á fimmtudag.



ARIEL CASTRO hélt þremur konum fönngnum í tíu ár á heimili sínu í Cleveland í Bandaríkjunum. Hann er talinn hafa valdið því að ein þeirra missti fóstur fimm sinnum.



VIÐ HEIMAÆY Guðna Páli var vel fagnað þegar hann kom til lands í Vestmannaeyjum í gærkvöldi. MYND/ÓSKAR P. FRIDRIKSSON

Guðni Páll Viktorsson rær í kringum Ísland:

Tíu daga róður að baki

FÓLK Guðni Páll Viktorsson, sem rær þessa dagana hringinn í kringum landið, kom til lands í Vestmannaeyjum í gærkvöldi. Hann hefur nú róið í tíu daga en í gær reri hann alls 60 kílómetra.

„Þetta hefur gengið vel og ég er bara brattur. Miðað við veðurfar er ég eiginlega á undan áætlun,“ segir Guðni Páll, sem tekur sér eins dags fri frá róðrinum í dag og fer ekki í felur með það að hvíldin sé kærkomin. Hann er þó ekki farinn að sjá eftir því að hafa farið í ferðalagið. „Ég er mjög ánægður með þessa ákvörðun enda er þetta ótrúlega skemmtilegt. Ég vissi að þetta yrði ekkert auðvelt en það skiptir mestu að ég er vel undirbúinn,“ segir Guðni.

Meðan á ferðalaginu stendur safnar Guðni Páll áheitum sem munu renna til Samhjalpar. Fyrir vikið ber róðurinn nafnið Lífróður Samhjalpar 2013.

Umræður í kjölfar sýningar:

Rætt um Geirfinnsmálið

DÓMSMÁL Umræðufundur um Guðmundar- og Geirfinnsmálið mun fara fram í Þjóðleikhúskjallaranum klukkan 21 annað kvöld í tengslum við sýningu leikhópsins Lab Loka á leikverkinu Hvörf. Umfjöllunarefni leikverksins er þetta umdeildasta sakamál Íslandssögunnar.

Í pallborði verða lögfræðingarnir Ragnar Aðalsteinsson og Brynjar Nielsson og fjölmiðlamennirnir Sigursteinn Másson og Jón Daníelsson auk Tryggva Hübner.

EGILSSTAÐIR

Hávaðasamir stólaflutningar

Bæjarstjórn Fljótsháðs byggst skipta út stólum í félagsþjónustunni Hlymsdölum til að stöðva hávaða sem skapast þegar borðum og stólum er ýtt til. Er þetta gert í kjölfar ítrekaðra beiðna húsfélagsins í byggingunni.

HALLORMSSTAÐUR

Laugin stenst ekki kröfur

Sundlaugin á Hallormsstað uppfylli ekki reglur um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Bæjarstjórn Fljótsháðs hefur því ákveðið að gerð verði „úttektar- og ástandsskýrsla“ fyrir sundlauginu.

Í bótamál við fimm manns vegna Stíms

Slitastjórn Glitnis hefur stefnt fimm manns vegna láns sem veitt var til félagsins Stíms í janúar 2008. Fólkið er krafðið um 366 milljónir króna í skaðabætur. Í málinu mun í fyrsta sinn reyna á nýlegt ákvæði í gjaldþrotalögnum fyrir dómstólum.

DÓMSMÁL Slitastjórn Glitnis hefur höfð að skaðabótamál á hendur fimm manns vegna láns sem huldufélaginu Stími var veitt í janúar 2008.

Þrjú hinna stefndu eru fyrrverandi starfsmenn Glitnis, þau Lárus Welding, sem var bankastjóri, Guðmundur Hjaltason, sem var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans, og Guðný Sigurðardóttir, sem var viðskiptastjóri.

Þau sátu í áhættunefnd bankans og eru ákærð fyrir að hafa tekið ákvörðunina um að veita lánið í janúar 2008, jafnvel þótt fyrir hafi legið að Stím væri á þeim tíma ógjaldfært og hefði fyrir löngu átt að vera gefið upp til gjaldþrotaskipta.

Lánið var 725 milljónir og var komið í 833 milljónir í nóvember 2008. Þá höfðu hins vegar rúmar 466 milljónir verið greiddar inn á lánið og það eru eftirstöðvarnar sem stefnt er vegna: 366 milljónirnar.

Hinir tveir sem slitastjórnin stefnir eru þeir sem sátu í stjórn Stíms: útgerðarmaðurinn Jakob Valgeir Flosason frá Bolungarvík og Þórleifur Stefán Björnsson, sem var forstöðumaður fjárstýringar Saga Capital og prókúruhafi Stíms.

Þeim er stefnt fyrir að hafa ekki gefið félagið upp til gjaldþrotaskipta eins og lög kveða á um að þeir skuli gera þegar það er orðið ógjaldfært.

Þar mun reyna á nýlegt ákvæði gjaldþrotaskiptalaganna, aðra málsgrein 64. greinar þeirra, sem kveður á um að

725 milljóna lánið var veitt í janúar 2008. Eftirstöðvarnar af því námu 366 milljónum í nóvember sama ár.

stjórnarmenn beri persónulega ábyrgð á því tjóni sem það olli kröfuhöfum að setja félagið of seint í þrot. Aldrei hefur reynt á ákvæðið fyrir dómi áður.

Félagið Stím var mikið til umfjöllunar skömmu eftir bankahrun, þegar í ljós kom að það hafði fengið tuttugu milljarða að láni frá bankanum til að kaupa hlutabréf í honum.

Nýverið höfðaði slitastjórnin annað bótamál tengt Stími, á hendur Jóhannesi Baldurssyni og Elmari Svavarsyni, fyrrverandi starfsmönnum Glitnis. Þeir eru sakaðir um að hafa flutt ábyrgðir frá stöndugum félögum yfir á Stím og Gnúp, sem voru þá gjaldþrota.

Mál tengd Stími hafa lengi verið til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara en engar ákærur hafa verið gefnar út vegna þess enn.

stigur@frettabladid.is



JAKOB VALGEIR FLOSASON


Stígur er einn þeirra þriggja sem tóku ákvörðun um lánveitinguna.



LÁRUS WELDING Er einn þeirra þriggja sem tóku ákvörðun um lánveitinguna.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



VÆTUSÖM HELGI Rigning með köflum eða skúrir um allt land um helgina. Einkum á V-helmingi landsins í dag en N-til á morgun. Fremur hægur vindur í dag og á morgun en hvessir annað kvöld. Hiti 2-10 stig.

Alicante 22°	Billund 15°	Gautaborg 14°	London 12°	Orlando 31°	San Francisco 21°
Basel 22°	Frankfurt 19°	Kaupmannahöfn 14°	Mallorca 24°	Oslo 14°	Stokkhólmur 16°
Berlín 20°	Friedrichshafen 16°	Las Palmas 24°	New York 22°	París 14°	

Mánudagur 8-15 m/s NV-til, annars hægari.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður




Glæsi markaður
Komdu og gerðu góð kaup!
Yfir 100 netverslanir með nýjar vörur!
11. - 12. maí kl. 11-17
Nýbýlavegi 6 Gamla Toyota húsið

Betri kjör á bílafjármögnun

Landsbankinn býður upp á tvær leiðir, bílasamning eða bílalán, til að eignast nýjan eða notaðan bíl, ferðavagn eða vélhjól.

- » 9,4% óverðtryggðir – breytilegir vextir
- » Lægri lántökugjöld
- » 10.000 Aukakrónur*
- » Lánstími er allt að 7 árum
- » Lánshlutfall er allt að 75%



Skilmála og nánari upplýsingar má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33.

* Fylgja öllum nýjum lánum yfir 500.000 kr. sem tekin eru frá 10. maí til 7. júní.



Osvífinn leigutaki: Fundu byssu í bílaleigubíl

LÖGREGLUMÁL Haglabýssa og skotfæri fundust í tösku í bílaleigubíl, sem hafði verið í útleigu hjá bílaleigu á Suðurnesjum í vikunni.

Starfsmaður bílaleigunnar hafði tekið bílinn af leigjandanum þar sem bílnum hafði ekki verið skilað á settum tíma. Þá neitaði maðurinn einnig að greiða leigu og sagði að tryggingafélag ætti að gera það.

Lögreglan gerði byssuna og skotfærin upptæk.

Þróun hafnarsvæða í Reykjavík er lokið samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagi:

Hætta móttöku fyllingarefnis í höfninni

SKIPULAGSMÁL Ekki verður frekari þróun hafnarlands í Reykjavík með landfyllingum. Útmörk heimilda um fyllingar í samþykktum skipulagsáformum hafa verið fullnýtta. Efnismóttöku á Kleppsvæði í Sundahöfn á vegum Faxaflóahafna verður því hætt í þessum mánuði, eftir 100 ára sögu þeirrar starfsemi.

Á vegum Faxaflóahafna hefur móttöku á burðarhæfu fyllingarefni, sem til hefur fallið úr framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu, verið sinnt um langan tíma. Þetta fyllingarefni hefur verið nýtt til landgerðar og þróunar hafnarlands við

Gömlu höfnina og Sundahöfn. Með þessum hætti hefur höfnin fengið fyllingarefni með hagkvæmum hætti en í staðinn hafa þeim sem í framkvæmdum hafa staðið boðist stuttar vegalengdir við brottflutning efnis, og umhverfisáhrifum og kostnaði við flutning efnis með þessu haldið í lágmarki.

Nú eru liðin nákvæmlega 100 ár frá því að efnisflutningar hófust í Reykjavík við upphaf hafnargerðar. Frá þeim tíma hefur hafnarland verið fyllt út og þróað í samræmi við þróunaráform og þarfir á hverjum tíma.

SUNDAHÖFN Uppbygging hafnarsvæða setur mikinn svip á borgarlandið.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hráfæði 18. & 19. maí

Námskeið & fyrirlestur
Einstakt tækifæri til að kynna hráfæði

Kate Magic, einn fremsti kokkur heims á sviði hráfæðis og svokallaðs "superfood", kemur til Íslands og verður með fyrirlestur og sýnikennslu á Gló veitingastað.

Ekki missa af þessu frábæra tækifæri

Fyrirlestur: kr. 4.000
Laugardagur 18. maí kl. 19:00 - 21:00
Sýnikennsla & fyrirlestur: kr. 16.000
Sunnudagur 19. maí kl. 12:00 - 18:00.



Bókanir og frekari upplýsingar: events.glo.is

Dauðarefsing yfir Castro möguleg

Líklegt þykir að saksóknari fari fram á dauðarefsingu yfir manni sem hélt þremur stúlkum föngnum í um áratug í Cleveland. Maðurinn framkallaði fimm fósturlát með barsmíðum og svelt. Hann er faðir sex ára stúlku sem fæddist í þrisundinni.

BANDARÍKIN Líklegt er að saksóknari fari fram á dauðarefsingu yfir Ariel Castro, manningnum sem rændi þremur stúlkum á árunum 2002 til 2004 og hélt föngnum þar til á mánudag.

Í Ohio-ríki er hægt að krefjast dauðarefsingar fyrir dráp á ófæddum börnum. Michelle Knight hefur greint lögreglu frá því að hún hafi fimm sinnum orðið þunguð í þrisundinni. Í öll skiptin hafi Castro svelt hana svo vikum skiptir og svo kúlt hana ítrekað í magann þangað til hún missti fóstrin. Timothy McGinty saksóknari hefur einnig sagt að Castro verði ákærður fyrir hvert einasta brot gegn konunum. Ákærulíðirnir gætu þannig skipt hundruðum eða þúsundum að lokum.

Þá staðfesti rannsókn á erfðafnum Castros og sex ára dóttur Amöndu Berry að Castro er faðir stúlkunnar. Berry hefur greint frá því að hún hafi verið neydd til að fæða barnið í líftilli uppblásinni sundlaug og Knight hafi tekið á móti barninu. Knight greindi frá því í viðtölum við lögreglu að Castro hefði hótað henni lífláti ef



NIDURLÚTUR CASTRO Castro tjáði sig ekkert þegar hann kom fyrir réttinn á fimmtudag. Sagt er að bréf frá honum greini frá misnotkun sem hann sjálfur varð fyrir og játningar á brotum gegn stúlkunum.

NORDICPHOTOS/AFF

barnið lifði ekki af, en hún blés lífi í það skömmu eftir fæðinguna.

Ættingjar fyrrverandi konu Castros hafa einnig stigið fram og sagt frá því ofbeldi sem hann beitti konu sína í mörg ár. Hann er

sagður hafa lamið hana oft, beitt hana andlegu ofbeldi og læst hana og börn þeirra inni í húsinu margsinnis. Hún fór frá honum árið 1996 og lést í fyrra.

thorunn@frettabladid.is

→ Dóttir og móðir Castro miður sín

Bæði móðir Ariels Castro og dóttir hans hafa tjáð sig við fjölmiðla um mál hans. Móðirin Lillian Rodriguez bað ungu konurnar fyrirgefningar í viðtali á fimmtudag. „Ég á sjúkan sem hefur framið mjög alvarleg afbrot. Ég þjáist mjög mikið.“

Arlene dóttir hans kom fram í viðtali hjá CNN í gær. Hún kallaði hann öllum illum nöfnum og sagði að hann væri dáinn í hennar augum. „Það verða engar heimsóknir og engin símtöl. Hann getur aldrei orðið pabbi aftur. Ég hef enga samúð með manningnum,“ sagði hún meðal annars. Hún sagði pabba sinn hafa verið góðan við þau systkinin og að hana hefði aldrei grunað hvað ætti sér stað á æskuheimili hennar. Þegar hún vissi sannleikann hefðu hins vegar ýmis smáatriði raðast saman og hún hefði séð þau í nýju ljósi. Húsið hefði alltaf verið harðlæst, hún hefði stundum ekki fengið að koma inn í húsið strax og pabbi hennar hefði stundum horfið á meðan á heimsóknunum hennar stóð.

→ Vildi að eigurnar færu til fórnarlamba

Meðal þeirra 200 hluta sem teknir hafa verið úr húsinu sem sönnunargögn herma fréttir að sé langt bréf sem Castro sjálfur skrifaði árið 2004. Í bréfinu kemur ýmislegt fram um hagi Castros. Meðal þess sem sagt er að komi þar fram er að honum hafi sjálfum verið nauðgað af frænda sínum þegar hann var barn og að foreldrar hans hafi líka misnotað hann. Þá segist hann vera níðingur en biður einnig um að allar eigur hans renni til fórnarlamba hans eftir dauða hans.



Dýravelferð

Málþing um nýsamþykkt lög um dýravelferð
fimmtudaginn 16. maí kl. 13:30 - 16:15


Dagskrá

- 13:30 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra setur málþingið
- 13:40 Kristinn Hugason: Kynningarerið um hin nýju lög, aðdraganda þeirra, megininntak og tilgang
- 14:00 Sigurborg Daðadóttir: Breyttar áherslur í starfi að velferð dýra og nýtt hlutverk Matvælastofnunar
- 14:20 Fyrirspurnir til KH og SD
- 14:30 Kaffihlé
- 15:00 Bændasamtök Íslands, afstaða bænda til hinna nýju laga
- 15:15 Dýraverndarsamtök Ísland, afstaða dýravina til nýrra laga
- 15:30 Pallborðsumræður / fyrirspurnir
- 16:15 Ráðstefnuslit og léttar veitingar

Málþingið fer fram í Sjávarútvegshúsinu Skúlagötu 4 og eru allir velkomnir. Skráning á anr.is.



ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



www.anr.is



PORTIÖNNUN

Rannsókn lögreglu hefur enn engu skilað um spellvirkja í Mývatnssveit:

Búið að afmá stafi í Hverfjalli

NÁTTÚRA Umhverfisstofnun hefur látið afmá stafina sem úðað var með olíumálningu á hól í miðju náttúruvættisins Hverfjalls (Hverfells) í Mývatnssveit. Nú sjást nánast engin ummerki eftir áletrunina en ekki er útilokað að til frekari aðgerða þurfi að grípa síðar.

Eins og greint var frá í fréttum voru í síðastliðnum mánuði sex stórir stafir úðaðir með olíumálningu á hól í miðju fjallsins. Áletrunin [Crater] var mjög áberandi og greinilegt að mikil vinna hafði farið í að búa hana til. Við að afmá stafina úr gígnum var að mestu notast við efni úr gígnum til að hylja áletrunina, en um tíu lítrar af grárri málningu og svolítið af þynni voru notaðir til að úða fyrst á áletrunina til að hylja hana enn betur. Einnig var litað inni í Grjótagjá, en landeigendur sjá þar um hreinsun.

Lögreglan á Húsavík fer með rannsókn málsins en er engu nær um hver eða hverjir voru þarna á ferð. Nokkrar vísbendingar hafa verið kannaðar; haft upp á fólk sem var á ferðinni á þessum slóðum. Haft var samband við hóp fólks í gegnum tölvupóst



HVERFJALL Stafirnir voru 8-9 metrar á hæð.

og rætt við fararstjóra. Þessi vinna hefur engu skilað enn.

- shá

RISA

AUKINN
KAUPMÁTTUR!

TAX FREE

DAGAR

SNYRTIVÖRUR, FATNAÐUR,
SKÓR, LEIKFÖNG, BÚSÁHÖLD,
RÚMFÖT, HANDKLÆÐI...

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

DAGANA 8.-12. MAÍ

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Ekki afsláttur af hjólum, kertum, servíettum, garni og Stjörnu-íþróttafatnaði í Garðabæ.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

GÓÐAR GRÆJUR

MÚRBÚÐARVERÐ



Black&Decker
háþrýstidæla max bar 110
14.990,-
1400W, 360 lítr./klst.
Pólr 50°C heitt vatn
5 metra barki, sápubox



Black&Decker
háþrýstidæla max bar 130
28.990,-
1700W, 370 lítr./klst.
Pólr 50°C heitt vatn
5,5 metra barki, sápubox



Black&Decker
háþrýstidæla max bar 150
51.990,-
2100W, 420 lítr./klst.
Pólr 50°C heitt vatn,
8 metra málbark, sápubox,
með burstu



Arges HKV-100GS30
1000W, 30 lítrar

27.900,-

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Mildi að ekki fór verr



MÖLVAD STRÆTÓSKÝLI BMW-bifreið fór út af Suðurlandsbraut síðdegis í gær og klessti á strætóskýli við götuna. Talið er að bifreiðin hafi verið á miklum hraða því strætóskýlið splundraðist og bifreiðin stöðvaðist ekki fyrir en langt utan vegar. Þá lenti bifreiðin á tveimur trjám; annað rifnaði upp með rótum og hitt brotnaði. Ökumaðurinn var fluttur á slysadeild og bifreiðin skemmdist nokkuð. Mildi þykir að ekki hafi farið verr, en börn voru í skýlinu skömmu áður en óhappið varð. Loka þurfti hluta Suðurlandsvegur um tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

þor n eiga rétt á
vernd gegn einelti.



Seðlabanki Íslands Gjaldeyrisútbod

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútbod 11. júní 2013. Útbodin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, sam-
anber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (<http://sedlabanki.is/afnam>) og skilmála Seðlabanka Íslands
um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (<http://sedlabanki.is/fjarfesting>)

Útbod í fjárfestingarleið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lág-
marksfjárhæð til þátttöku í útbodshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning
við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útbodinu samkvæmt
fjárfestingarleiðinni. Það útbod er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykka umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að
skila inn umsóknum rennur út í dagslok 22. maí n.k.

Útbod í ríkisverðbréfaeið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Lágmarksfjárhæð til þátttöku
í ríkisverðbréfaeiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útbodinu gegn
greiðslu í ríkisverðbréfum.

Útbod um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri

Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Við-
skiptabönum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendum gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útbodanna á lausafjárstöðu fjármálafyrir-
tækja. Endanleg útbodsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útbodsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á
sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útbodunum þremur verður 3 dögum eftir að útbodi lýkur. Tilboðum skal skilað eigi
síðar en 11. júní 2013. Nánari lýsingu á framkvæmd útbodanna þriggja er að finna í útbodsskilmálum.

Útbodsskilmála og yfirlit um milligönguaðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans <http://sedlabanki.is/utbod>.

Stefnt er að næsta útbodi 3. september 2013.

Nánari upplýsingar veita milligönguaðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.



ÁLFTANES Tónlistarskólinn verður sam-
einaður skólanum í Garðabæ.

Áhyggjur á Álftanesi: Tónlistarskóli verði ekki útibú

SKÓLAR Kennarar og foreldrar
nemenda við Tónlistarskóla Álfta-
ness segja skólann ekki mega
breytast úr sjálfstæðri og öflugri
skólastofnun í afskekkt útibú.

„Fyrir sameiningu Garðabæjar
og Álftaness var því heitið að
engar breytingar yrðu gerðar á
skólalaldi í nýju sveitarfélagi.
Bæjarstjórn verður að standa við
þau loforð,“ segir hópurinn í bréfi
til bæjaryfirvalda.

Bæjarráðið segir að ávallt
hafi verið rætt um hagræðingu
við stjórnunarlega sameiningu
tónlistarskóla beggja sveitar-
félaganna. Stjórn Tónlistarskóla
Garðabæjar eigi að semja reglu-
gerð fyrir sameinaðan skóla sem
byrji í haust. - gar

Fílmur fækkar hratt: Veidiþjófar drápu 26 fíla

MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDIÐ, AP Veidi-
þjófar drápu að minnsta kosti
26 fíla í Dzanga Bai-þjóðgarðin-
um í Mið-Afríkulýðveldinu fyrir
skemmstu. Fílastofninn hefur
minnkað mikið á undanfönum
árum vegna veiðiþjófnadar.

Sautján vopnaðir menn úr upp-
reisnarhreyfingunni Seleka komu
inn í Dzanga Bai fyrir í vikunni og
eru taldir hafa drepið dýrin. Íbúar
á svæðinu hafa svo tekið kjöt af
hræjunum. Uppreisnarhreyfingin
steypti forseta landsins af stóli í
mars. - þeb

Eurovision- gleði

11.-12. maí

Dagskrá

Laugardagur

14.00 Sigga Beinteins
og Grétar Örvars

15.00 Hera Björk

15.00 Eurovision-
söngkeppni
Skemmtigarðsins

16.00 Úrvalsið leik-
og sönghópsins
Le Sing

Sunnudagur

14.00 Úrvalsið leik-
og sönghópsins
Le Sing

15.00 Sigga Beinteins
og Grétar Örvars



 Smáralind

Æsispennandi
**Eurovision-
ratleikur**
fyrir fjölskylduna og
frábær tilboð
við hvert fótmál



HOPPANDI KANÍNA Kanínan Tommi sést hér hoppa yfir hlið í hindrunarhlaupi kanína sem fram fór í Brandenburg í Pýskalandi fyrir skömmu.

NORDICPHOTOS/AFP

Yfir þúsund lík hafa fundist í rústunum í fataverksmiðjunni sem hrundi í Banglades:

Kona fannst á lífi eftir sautján daga

BANGLADESS, AP Björgunarmenn í Banglades fundu í gær konu á lífi í rústum verksmiðju sem hrundi fyrir átján dögum.

Konan heitir Reshma. Hún slasaðist ekkert í hruni byggingarinnar en festist í stóru rými í rústunum. Hún fann hins vegar bæði vatnsflöskur og þurrmat og lifði á því í sautján daga. Hún sagði fréttamönnum í gær að hún hefði heyrt í björgunarmönnum í marga daga og reynt að ná athygli þeirra. Þegar hún loks fannst tók fjórutíu mínútur að losa hana og var hún flutt á spítala.

Nú hafa yfir þúsund lík fundist í rústunum.



RESHMA Læknar segja Reshmu ótrúlega vel að sig komna miðað við að hafa verið föst í sautján daga í rústunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Undirskriftalistar dugðu ekki til stígagerðar umhverfis Egilsstaðaflugvöll:

Flugvallarstígar of áhættusamir



Á EGILSSTAÐAFLUGVELLI Isavia sagði útfærslu hugmyndar um stíga umhverfis flugvöllinn stangast á við öryggiskröfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTIVIST Ekkert verður af gerð stíga meðfram Eyvindará og Lagarfljóti þar sem þessi vatnsföll liggja næst Egilsstaðaflugvelli. Nokkrir íbúar sendu bæjaryfirvöldum undirskriftalista með ósk um stíga meðfram og utan girðingar umhverfis flugvallarsvæðið þannig að hægt væri að komast gangandi og hjólandi umhverfis völinn.

Isavia, sem annast rekstur Egilsstaðaflugvallar, lagðist alfarið gegn stígagerðinni af öryggisástæðum. „Forsvarsmenn Isavia eru þó tilbúnir að fara í viðræður við sveitarfélagið um tilhögun og fyrirkomulag göngustígs sem samræmist öryggisreglum flugvallarins, en kostnaður vegna hans verði alfarið sveitarfélagsins,“ bókaði mannvirkjanefnd Fljótaldalshéraðs.

„Nefndin vekur athygli á að þetta er dýr framkvæmd og ekki fyrirsjáanlegt að sveitarfélagið hafi bolmagn í svona verkefni á næstu árum,“ hélt mannvirkjanefndin áfram. Til að koma til móts við athugasemdir íbúanna lagði nefndin til að sett yrði í greinargerð með aðalskipulagi að umferð gangandi manna meðfram Eyvindará og Lagarfljóti yrði ekki hindruð. Þessa niðurstöðu samþykkti bæjarstjórnin.

- gar



NIÐURHAL Könnun sem SMÁÍS lét framkvæma árið 2011 bendir til þess að ólöglegt niðurhal kosti skapandi greinar á Íslandi hátt í 2 milljarða króna á ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lokað á ólöglegt niðurhal Norðmanna

Ný lög í Noregi gera þarlandum stjórnvöldum kleift að loka fyrir sjóræningasíður þar sem höfundarréttarvörðu efni er dreift. Framkvæmdastjóri SMÁÍS kallar eftir því að sambærileg lög verði sett á Íslandi.

HÖFUNDARRÉTTUR Norska Stórþingið samþykkti í vikunni lagafrumvarp sem gæti takmarkað verulega möguleika Norðmanna á ólöglegu niðurhali. Framkvæmdastjóri SMÁÍS, samtaka myndrétthafa, kallar eftir því að sambærileg lög verði sett hér á landi.

„Það skortir úrræði á Íslandi til að bregða fæti fyrir ólöglegt niðurhal. Hér hafa verið reknar síður með íslensku eignarhaldi sem dreifa höfundarvörðu efni án greiðslu í mörg ár án þess að hægt hafi verið að loka á þær,“ segir Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS.

Þá segir Snæbjörn að íslensk stjórnvöld ættu að líta til nýju laganna í Noregi. „Íslensk stjórnvöld ættu að skoða vel þá vinnu sem hefur farið fram í Noregi. Þessi lög, sem víðtækur stuðningur var við í þinginu, eru afkastur margra ára vinnu þar sem allir hagsmunaaðilar voru leiddir að borðinu og vandað til verks,“ segir Snæbjörn.

Norsku lögin veita þarlandum eftirlitsaðilum heimild til þess að loka fyrir aðgengi að vefsíðum, bæði þeim sem skráðar eru í Noregi og öðrum, sem brjóta með stórfelldum hætti gegn höfundarréttarlögum. Þá verður framvegis hægt að bera kennsl á þá einstaklinga sem grunur leikur á að hafi brotið höfundarréttarlög á netinu með því að skoða IP-tölu viðkomandi.

Mikill stuðningur var við lagafrumvarpið í norska Stórþinginu en einungis tveir þingmenn kusu gegn því. Nýju lögin taka gildi þann 1. júlí næstkomandi og er fastlega



„Íslensk stjórnvöld ættu að skoða vel þá vinnu sem hefur farið fram í Noregi.“

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS

búist því að gerð verði tilraun til þess að loka fyrir aðgang að skrárdeilingarsíðum eins og hinni sænsku The Pirate Bay í kjölfarið en norskir dómstólar munu hafa vald til þess.

Réttahafar tónlistar, kvikmynda, bóka og annars efnis sem hægt er að dreifa á stafrænu formi án mikilla vandkvæða hafa lengi haft horn í síðu ólöglegs niðurhals. Telja réttahafar að þeir verði árlega af stórum upphæðum vegna ólöglegs niðurhals.

Þannig segir Snæbjörn að ólöglegt niðurhal á Íslandi kosti hinar skapandi greinar hátt í tvo milljarða á ári. „Við létum gera könnun á neytslu Íslendinga á kvikmynda- og tónlistarefni í mars 2011. Sú könnun leiddi í ljós að langstærstur hluti neytslunnar fer fram í gegnum vefsíður þar sem listamenn og réttahafar fá ekkert fyrir vinnu sína. Enn fremur sáum við að tæplega fimmtingur hefði keypt efnið hefði það ekki verið aðgengilegt í gegnum þessar síður,“ segir Snæbjörn.

magnus@frettabladid.is



BARA ÞAÐ BESTA FYRIR GÆLUDÝRIÐ ÞITT

ALLT SENT FRÍTT HEIM AÐ DYRUM

Husse fóður og aðrar gæludýravörur er nýjung á Íslandi. Fyrirtækið Husse var stofnað í Svíþjóð fyrir 25 árum og er enn rekið af sömu fjölskyldunni. Husse leggur allan sinn metnað í að framleiða bestu mögulegu vörur fyrir litlu málleysingjana því það er okkar skylda að gefa þeim það allra besta - sem þau eiga auðvitað skilið.

Allar Husse vörur er framleiddar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum.

Leyfðu dýrinu þínu að smakka og finna muninn.



Kíktu á www.husse.is og skoðuðu úrvalið!

Söluáðilar okkar um land allt bíða spenntir að skutla vörum þínum heim að dyrum



14 SÉREIGNARSPARNAÐUR

MAÍ

Fræðslufundur um séreignarsparnað, séreignar-sjóðinn Lífeyrisauka og þjónustu við sjóðfélaga.

15-16 GREIÐSLUR ÚR LÍFEYRISSPARNAÐI

MAÍ

Hvað ber að hafa í huga varðandi greiðslur úr lífeyris-sparnaði? Fræðslufundur í Reykjavík og á Akureyri.

22 VERKEFNASTJÓRNUN Í NÝSKÖPUN

MAÍ

Morgunfundur um verkefnastjórnun í nýsköpun í samstarfi við Young Crew á Íslandi.

23 VERÐTRYGGT EÐA ÓVERÐTRYGGT?

MAÍ

Fræðslufundur um það hvað hafa ber í huga við fjármögnun íbúða.

30 BUSINESS MODEL CANVAS

MAÍ

Námskeið um þessa snjöllu leið til að móta og þróa viðskiptamódel.

VIÐBURÐADAGATAL ARION BANKA

Við hjá Arion banka bjóðum fjölbreytt úrval af námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum þér að kostnaðarlausu.

Hér að ofan eru nokkrir af viðburðum maímánaðar. Alla viðburði, nánari upplýsingar og skráningu er að finna á arionbanki.is/vidburdadagatal

Hlökkum til að sjá þig.

Einn af hverjum tíu Reykvíkingum er innflytjandi:

Fjölmenningin blómstrar á Íslandi

Fyrir sautján árum voru innflytjendur á Íslandi rétt tæp sex þúsund en í dag eru þeir fimmfalt fleiri, næstum þrjátíu þúsund. Það er Hagstofa Íslands sem heldur skrá yfir það fólk sem flytur hingað. Óhætt er að fullyrða að aðlögun nýrra Íslendinga að samfélagi okkar hafi að mestu heppnast frábærlega.

Í Reykjavík einni býr fólk af 130 þjóðernum. „Þetta er tilbreyting sem reynir meira á hæfni okkar sem fólks til samskipta,“ sagði Jón Gnarr borgarstjóri í viðtali við Fréttablaðið í síðasta mánuði. Hann sagði okkur hér á landi ekki undanskilin breytingum á samfélagsmynd flestra nútímasamfélaga, en þau verða æ fjölmenningslegri.

„Ég fagna því að við séum þátttakendur í fjölmenningu og tökum vel á móti fólki sem vill búa hér,“ sagði borgarstjórinn.

Jón Gnarr er borgarstjóri í borg sem hefur álika hátt hlutfall innflytjenda og Kaupmannahöfn. Einn af hverjum tíu Reykvíkingum er innflytjandi. Samt hafa innflytjendur hér í borg ekki átt í sömu erfiðleikum og nýir borgarar Kaupmannahafnar. Þar hafa oft brotist út óeirðir og í Danmörku hafa stjórnsmálaflokkar meira að segja sótt mikið fylgi frá kjósendum út á hatun gegn útlendingum.

Við erum blessunarlega laus við vandræði nágrannaþjóða okkar þegar kemur að innflytjendum á Íslandi. Hér leggjast allir á eitt, yngri sem eldri Íslendingar, við að byggja hér upp fallegt fjölmenningsarsamfélag.

Pólverjar eru stærsti innflytjendahópurinn hér á landi. Í Fréttablaðinu í dag er skemmtilegt viðtal við Aleksöndru Wójtowicz, sem starfar sem lögreglufulltrúi við alþjóðadeild ríkislögreglustjóra. Hún flutti til Íslands átján ára gömul fyrir sautján árum þegar hér voru einungis um sex þúsund innflytjendur. Síðan þá hefur hún líkt og svo margir aðrir Íslendingar unnið í fiski og á leikskóla en er nú lögreglufulltrúi.

Á vordögum fékk hópur ungra Pólverja sem kalla sig Projekt Polska samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Ungu krakkarnir sem mynda þann hóp vilja sjálfir axla ábyrgð á því að bæta hag sinn hér á landi. Þeir vinna að aðlögun og bættum aðstæðum innflytjenda og vilja að auki kynna íslenska menningu í Póllandi og pólska menningu hér á landi.

Stundum heyrum við frásagnir af fordómum og hatri í garð útlendinga á Íslandi. Slíkt ber að taka mjög alvarlega og á ekki að líðast. Við megum samt ekki gleyma að minnst á það sem vel hefur heppnast. Fjölmenningin blómstrar á Íslandi og við höfum nær öll tekið henni fagnandi líkt og borgarstjórinn í Reykjavík. Við eigum að vera stolt ef fólk vill flytja hingað og freista gæfunnar. Það er gott að búa á Íslandi og við eigum að bjóða það fólk sem hingað vill flytja velkomið. Ótti við útlendinga er ástæðulaus.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



SELTJARNARNESBÆR

UMSÓKNIR UM LISTSÝNINGU

Óskað er eftir umsóknum um sýningahald í Eiðisskeri, sýningar sal Seltirninga, vegna sýningarhalds frá september 2013 til júní 2014. Eiðissker er sýningar salur Seltirninga á Eiðistorgi og staðsettur inn af Bókasafni Seltjarnarness. Salurinn er lánaður endurgjaldslaust til sýnenda.

Með umsóknum skulu fylgja með myndir af verkum, ferilskrá og lýsing á fyrirhugaðri sýningu.

Frekari upplýsingar veitir Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarness í netfangið soffia@sletjarnarnes.is eða í síma 595-9100.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. júní 2013.

Menningarsvið Seltjarnarnesbæjar.



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Gerjun í utanríkispolitíkinni

Fjármálakreppan hefur víða dregið úr tiltrú á alþjóðasamvinnu. Að sama skapi hefur einangrunarhyggju vaxið fiskur um hrygg. Í einstökum ríkjum Evrópusambandsins hafa viðhorfsbreytingar af þessu tagi skerpt átakalínur í politík.

Þegar heimskreppan skall á fyrir og eftir 1930 urðu viðbrögðin svipuð. Víðast hvar urðu þeir ofan á sem vildu láta við það sitja að búa að sínu. Kjörorðin voru höft og þjóðernishyggja. Eftir síðari heims-



mynd þess sem þá gerðist. Heimurinn hefur einfaldlega breyst of mikið til þess. En þær snúast í eðli sínu um það sama. Lykillinn að

stýrjöldina varð mönnum ljóst að þeir höfðu ekki borið gæfu til að velja þá braut sem leiddi til hagsældar.

Deilurnar nú eru ekki nákvæm eftirmynd þess sem þá gerðist. Heimurinn hefur einfaldlega breyst of mikið til þess. En þær snúast í eðli sínu um það sama. Lykillinn að

kosningasigri Framsóknarflokksins á dögunum var til að mynda boðskapurinn um að höftin séu þungavopn Íslendinga í glímu þeirra við erlend fjárlögsöfl.

Þessi boðskapur er aftur gott dæmi um hvernig skammtímasjónarmið verða smám saman ráðandi. Bráðabirgðarástöfun til nokkurra mánaða er allt í einu orðin að vopni sem enginn sannur Íslendingur má efast um. Þannig umbreyttast höftin auðveldlega í haldreiði fyrir þjóðernishyggju.

Niðurskurður og kerfisbreytingar

Önnur birtingarmynd umræðunnar í vestrænum hagsældarríkjum er vaxandi andstaða við aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum og peningamálum. Þegar þjóðir hafa eytt um efni fram er auðvelt að ala á óánægju með klassísk ihaldsúræði.

Þessar aðstæður hafa byggt brýr í politíkinni milli ólíkra afla sem lengi hafa eldað grátt silfur. Margir þeirra sem áður töldu aðhaldsaðgerðir í efnahagsmálum vera lögmál til að laga þjóðarbúskapinn að raunverulegum aðstæðum líta nú svo á að þær séu verkfæri alþjóðasamfélagsins gegn þeim ríkjum

sem höllum fæti standa. Rök geta staðið til þess að fara hægt í aðlögun ríkisútgjalda eins og áætlan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér gerði ráð fyrir. Einu geta þær þjóðir sem dregist hafa aftur úr í framleiðni þó ekki skotið á frest. Það er að gera nauðsynlegar kerfisbreytingar. En þær geta líka verið sársaukafullar í byrjun. Reynslan sýnir á hinn bóginn að langvarandi bráðabirgðarástafanir verða mótagnakenndar og ómarkvissar.

Spurningin er hvort þjóðernisumræðan í Evrópu og víðar verður Þrándur í Götu nauðsynlegra kerfisbreytinga af því að þær

eru taldar eiga rætur í alþjóðasamvinnu eins og aðhaldsaðgerðirnar. McKinsey-skýrslan sýndi að framleiðni í íslenskum þjóðarbúskap stendur langt að baki því sem best gerist.

Til að ráða bót á þeim vanda þarf margs konar kerfisbreytingar, meðal annars í peningamálum, til að tryggja meiri samkeppni og jöfn samkeppnisskilyrði. Þeir tveir flokkar sem nú mynda nýja ríkisstjórn sögðu á liðnu kjörtímabili að langtímasjónarmið í þeim efnum yrðu að víkja fyrir þeirri brýnu nauðsyn að krafsa sig út úr ástandinu.

Að krafsa eða horfa fram

Viðskiptakerfi heimsins ræður miklu um hagsæld á Íslandi. Efnahagsleg markmið verða því aldrei slitin frá utanríkispolitíkinni. Þegar viðreisnin tók við af höftunum á sínum tíma var strax farið að huga að stöðu Íslands í efnahags- og viðskiptasamvinnu Evrópu. Í dag erum við aðilar að innri markaði Evrópusambandsins, sem ákveður lagaumgjörð efnahagsstarfseminnar. En sá böggull fylgir skammrið að við höfum ekki mynt sem gjaldgeng er á þeim markaði, hvað þá víðar.

Í heimi örra breytinga er óbreytt staða í utanríkispolitík ávisun á stöðnun. Þá vill enginn

kannast við að vera formælandi einangrunarstefnu. Síðan er í aðalatriðum deilt um tvær leiðir.

Önnur byggir á hugmyndafræði sem forseti Íslands hefur mótað öðrum fremur. Hún felst í því að auka tengslin við Kína og Indland en leggja minni áherslu á Evrópu og Bandaríkin. Sú leið kallar ekki á neinar kerfisbreytingar.

Framsóknarflokkurinn fylgir þessari hugmyndafræði alfarid og Sjálfstæðisflokkurinn að miklu leyti. Utanríkisstefnan gerjast nú á þennan veg.

Hin leiðin er að byggja á því sem fyrir er og stíga nýtt skref í samvinnu við þær þjóðir sem við

höfum átt samleið með til þessa. Þar skiptir gjaldgeng mynt mestu máli. Hún yrði afgerandi kerfisbreyting sem kallaði á mikinn aga í hagstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn gaf forystuhlutverk sitt á þessu sviði eftir. Samfylkingin reyndi að ná pólitískri forystu um þessa leið. En það mistókst með öllu af mörgum ástæðum.

Fyrir vikið er engin alvöru breið pólitísk forysta fyrir því að halda áfram á þeirri braut í utanríkisviðskiptapolitíkinni sem mótaðist í kjölfar viðreisnarinnar, þó að margir séu þess fýsandi. En þar gæti auðvitað byrjað gerjun líka. Viljum við horfa fram eða halda áfram að krafsa?



BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða

5 ÁRA
BAUHAUS
ÁBYRÐ
5 ára vörugætt og notendabætur



HERKULES®

LOFTPRESSA
1,5 HK. 1100 vött. 24 lítra. 10 bör. Loftflæði 180 l/mín. Ekki með olíu. 200/10/24.

AFMÆLISVERÐ

10.995.-!

5 ÁRA
BAUHAUS
ÁBYRÐ
5 ára vörugætt og notendabætur



BOSCH

BORVÉL MED HLEDSLURAFHLÖÐU UNEO
14.4V. 0-4800 snún./mín. Heggur, borar og skrúfar. 1,3 Ah litíum-ion rafhlaða. Þriggja stunda hleðslutæki fylgir.

AFMÆLISVERÐ

18.995.-!

**AFMÆLI
1
ÁRS**


BAUHAUS®



ELISABETH SOFASÆT
Í settinu er borð með glerplötu, sófi og 2 stólar í poly-rattan. Svartar sessur fylgja með.

AFMÆLISVERÐ

94.995.-!



MÓTATIMBUR
22 x 150 mm. Verð á lbm.

AFMÆLISVERÐ

159.-!

Auglýst verð gildir frá laugardeginum 11. maí til og með fimmtudeginum 14. maí 2013. Gildir á meðan birgðir endast.

Eurovision- gleði

11.-12. maí

Eurovision-
söngkeppni
Skemmtigarðsins

kl. 15

Komdu og sjáðu nýjar
stjórnur fæðast á
sviðinu

20% afsláttur
af öllu skarti

ORIGINAL

20% afsláttur
af öllum kjólum



20% afsláttur
af Maxwell
hvíta stölinu



20 bita Sushibakki
á aðeins 2.580 kr.



15% afsláttur
af heyrnartólum og
Libratone hátölurum

epli.is

20% afsláttur
af öllu skarti

BOYS

5 stykki eldiljur
á 2.990 kr.



2 fyrir 1
af gæludýravörum

MegaStore

20% afsláttur
af öllum eyrnalokkum
fyrir Eurovision-partyið



20-40% afsláttur
af völdum vörum

oasis

20-50% afsláttur
af völdum vörum












JACK & JONES

20-50% afsláttur
af völdum vörum

SELECTED



TILBOÐ

<p>25% afsláttur af öllum stuttermabolum</p> 	<p>25% afsláttur af öllum stuttermabolum</p> 	<p>25% afsláttur af öllum kjólum</p> 	<p>Tilboð á partý-pinum Friday's Pantanir í síma 570-4400</p> 	<p>20% afsláttur af öllu skarti</p> 
<p>20% afsláttur af öllum kjólum í dömudeild 20% afsláttur af öllum sundfatnaði</p> <p>DEBENHAMS</p>	<p>20% afsláttur af öllum skyrtum í herradeild 20% afsláttur af Jeffrey Campbell skóm í dömudeild</p> <p>galleri sautján</p>	<p>20% afsláttur af allri matvöru</p> <p>HOLLAND & BARRETT <i>we're good for you</i></p>	<p>15% afsláttur af öllum buxum</p> 	<p>25% afsláttur af öllum skóm</p> <p>evans.</p>
<p>20% afsláttur af öllum spariskóm fyrir dömur og herra</p> 	<p>40% afsláttur af völdum vörum</p> <p>VERO MODA</p>	<p>30-70% afsláttur af völdum vörum</p> <p>VILA CLOTHES</p>	<p>20% afsláttur af öllum snakkskálum</p> 	<p>20% afsláttur af öllum peysum</p> <p>DOROTHY PERKINS</p>
<p>30% afsláttur af öllum tösukum</p> 	<p>20% afsláttur af völdum pörum</p> <p>focus</p>	<p>20% afsláttur af völdum pörum</p> <p>gs skór</p>	<p>20% afsláttur af völdum kjólum</p> <p>TOPSHOP</p>	<p>20% afsláttur af öllum derhúfum</p> <p>SMASH</p>
<p>20% afsláttur af öllum vörum 50% afsláttur af völdum vörum</p> <p>PANDORA ÖGLEYMANLEG AUGNABLIK</p>	<p>30% afsláttur af völdum vörum</p> 	<p>20% afsláttur af skarti</p> <p>Drangey</p>	<p>20% afsláttur af öllum pappírörum og fánalengjum</p> <p>snúðar & snældur</p>	<p>15% afsláttur af öllum kjólum, gildir 11.-18. maí</p> 

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur

Skodun visir.is

356

MÁNUDAGUR 6. MAÍ
Risaháhyti frá 2007Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur
og Dögg Hjaltalin viðskiptafræðingur

355

LAUGARDAGUR 4. MAÍ
Umtalsverð áhætta
í fjármálakerfinu

Porsteinn Pálsson pistlahöfundur

354

FIMMTUDAGUR 9. MAÍ
Sveitarfélögum fækkað um 62

Mikael Torfason ritstjóri

321

MIÐVIKUDAGUR 8. MAÍ
Brauðmolum kastað inn
í framtíðina

Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur

304

FÓSTUDAGUR 10. MAÍ
Vefjagigt í 20 ár:
Vitundarvakningar er þörfArnór Víkingsson gígtarlæknir,
Sigrún Baldursdóttir sjúkraþjálfari
og Eggert S. Birgisson sálfræðingur

249

MÁNUDAGUR 6. MAÍ
Reykjanesfólkvangur
lagður niður?Ellert Grétarsson, stjórnarmaður
í Náttúruverndarsamtökum Suðurlands

UMMÆLI VIKUNNAR



„Mér varð um og ó
– ég fékk áfall.“

Theodóra Guðrún Rafnsdóttir ræktaði
ásamt unglingum skóg sem íbúar við
Rituhóla skemmdu.

„Íbúum við Rituhóla er mis-
boðið að hömlulaus skóg-
rækt hafi skert það fagra
útsýni sem þeir höfðu.“

Björn Guðmundsson, framhaldsskóla-
kennari og íbúi í Norðlingaholti.

„Ég sat og glotti við tönn
megnið af tímanum.“

Finnur Friðriksson dósent komst að því að
konur eru montnari en karlar á Facebook.

„Sömuleiðis hyggjumst við
jafnvel sleppa því að fara yfir
próf og skila einkunnum.“

Eiríkur Valdimarsson, formaður hagsmun-
félags stundakennara en þeir eru óánægðir
með hlut sinn hjá Háskóla Íslands.

Hver ber ábyrgðina?

Lífríkið í Lagarfljóti er að deyja út. Ekki kemur það þeim beinlínis á óvart sem vörðuðu við afleiðingum Kárahnjúkavirkjunar. Öllum, sem af því vildu vita, mátti vera ljóst að það að hleypa vatninu úr Jökulsá á Dal austur í Lagarfljót hlýti að hafa ófyrirséðar afleiðingar í för með sér og breyta ástandi fljótsins á marga vegu, hækka vatnsborð með tilheyrandi rofi á

NÁTTÚRU- VERND



Ólafur Hallgrímsson
fv. sóknarprestur
á Mælifelli

bökkum, litur þess myndi breytast verulega með auknum svifaur samfara kólnun, sem hefði í för með sér versnandi líffskilyrði í fljótinu. Nú er þetta að koma í ljós.

Nánast öll viðvörðunarorð okkar andstæðinga Kárahnjúkavirkjunar eru að rætast. Það er verið að eyðileggja Lagarfljót. Það virðist hafa tekið skemmri tíma en vænta mátti, eða aðeins hálfan áratug. Vanhæfir pólitískar réðu för í þessu óheillamáli. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar tók ákvörðun um virkjunina, og ákvörðunin var dyggilega studd af Landsvirkjunarforstjóranum Friðrik Sophussyni.

Allar viðvaranir vísindamanna voru hunsaðar, t.d. viðvaranir Helga Hallgrímssonar sem gjörþekkir fljótið og hefur skrifað um það merka bók (2005), þar sem hann varaði m.a. sterkelega við vatnaflutningunum. Á slíka menn var að sjálfsögðu ekki hlustað né aðra þá sem gagnrýndu virkjanaáformin.

Endapunkturinn setti svo „umhverfisráðherra“ Framsóknarflokksins, Sív Friðleifsdóttir, sem í árslok 2001 sneri við úrskurði Skipulagsstofnunar, sem lagðist eindregið gegn virkjuninni vegna „óafturkræfra umhverfisáhrifa“. Ábyrgð hennar hlýtur því að teljast mikil.

Nú standa menn frammi fyrir gerðum hlut og afleiðingarnar að koma í ljós.

Afleiðingar Kárahnjúkavirkjunar verða sýnilegri á Héraði með hverju árinu sem líður. Lagarfljót er gjörbreytt og lífríki þess hnignar, rof og landbrot við Fljótið, Jökulsá og Keldá í Fljótsdal hefur verið umturnað ásamt fögrum fossum. Farið er að bera á sandfoki úr aurum Jökulsár á Dal, í Hróarstungu sem nú eru orðnir þurrir stærstan hluta ársins. Trúað gæti ég að margir landeigendur við Lagarfljót séu áhyggjufullir þessa dagana. Gunnar Jónsson á Egilsstöðum, formaður bæjarráðs Fljótsdalshéraðs, segir í Fréttablaðinu nýlega: „Lífríkið er nánast búið í Lagarfljóti“.

Beittu valdi

Vissu menn ekki, hvað þeir voru að gera? Þau Davíð, Halldór, Valgerður og Sív vissu hvað þau voru að gera. Þau hunsuðu viðvaranir og beittu valdi sínu, voru ákveðin strax í upphafi að fórna Lagarfljóti fyrir álver á Reyðarfirði. Og fjölmargir Austfirðingar fylgdu

→ **Þau Davíð, Halldór, Valgerður og Sív vissu hvað þau voru að gera. Þau hunsuðu viðvaranir og beittu valdi...**

þeim að málum. Það var fórnarkostnaðurinn, sem menn töldu réttlætlanlegan vegna þessarar framkvæmdar, sem efla átti atvinnulíf á Austurlandi, sem hefur þó ekki gerst nema að litlu leyti. Viðbrögð Sívjar Friðleifsdóttur nú eru með ólíkindum, þar orlar hvorki á iðrun né afsökun, þótt skömmin sé orðin öllum ljós. Hún telur, að stjórnvöld myndu fara eins að í dag, kæmi slík staða upp. Líklega er það rétt hjá henni, a.m.k. ef Framsókn ætti sæti í ríkisstjórn. Hver ber ábyrgð á Kárahnjúkavirkjun, var það Alþingi og ríkisstjórn eða einstakir ráðherrar, eða var það Landsvirkjun? Spyr sá sem ekki veit. Búum við ekki í réttarríki, eða er það þannig, eins og oft hefur tíðkast hér á landi, að enginn beri ábyrgð á neinu, þegar upp er staðið, sama hvaða mistök eru gerð.

Er ósanngjarnt, að þeir sem stóðu fyrir þessu skemmdarverki sæti ábyrgð? Eða er þetta kannski verkefni Landsdóms? Við sem alin erum upp á bökkum Lagarfljóts horfum með sorg í hjarta til þess hvernig þetta fagra stöðuvatn hefur verið leikið, sjálf lífæði Héraðsins. Það er þyngra en tárur taki. Dapurlegast er þó til þess að vita, að Héraðsbúar sjálfir skuli eiga þar drjúgan hlut að máli. En við það verða þeir líklega að búa.

KOLAPORTIÐ

Kolaportíð er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Gleðilegan Fjölmenningsdag!

Í dag, laugardaginn 11. maí, er Fjölmenningsdagur Reykjavíkurborgar haldinn hátíðlegur í fimmta sinn. Markmiðið með hátíðarhöldunum er að fagna þeirri fjölbreyttu menningu sem borgarsamfélagið býður upp á og hlutverk fjölmenningsdagsins er öðru fremur að fagna borgarbúum af ólíkum uppruna sem eiga fjölbreyttan menningargangan bakgrunn. Samfélag og menning eru sýnbreytileg og þróast í takt við tímann og íslenskt samfélag og innflytjendur mætast með samtakamætti og gleði í þessum hátíðarhöldum.

FJÖLMENNING



Margrét Sverrisdóttir
formaður
mannréttindaráðs
Reykjavíkur

fjölmenningsráði hafa sinnt undirbúningi Fjölmenningsdagsins af miklum krafti ásamt fjölda sjálfboðaliða. Fjölmenningsdagurinn hefur öðlast sess í hugum borgarbúa og ár frá ári hefur þátttakan aukist í hátíðarhöldunum. Í ár er metþátttaka á markaðinum sem haldinn verður í Ráðhúsi Reykjavíkur, sem sýnir hversu mikill áhugi er meðal borgarbúa að kynna ólíka menningar-

heima með ýmsum varningi og matargerð. Íbúar klæðast skrautlegum búningum og borgin iðar af lífi.

Fjöldi sjálfboðaliða

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar ásamt fulltrúum úr

Markaður opin allum

Að venju hefst hátíðin með skrudgöngu frá Hallgrímskirkju að

→ **Fjölmenningsdagurinn hefur öðlast sess í hugum borgarbúa og ár frá ári hefur þátttakan aukist í hátíðarhöldunum.**

Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar verður markaður, öllum opin, þar sem kynnt verður handverk, hönnun og matur frá ýmsum löndum. Skemmtidagskrá verður í næsta húsi, Tjarnarbíói og Afrískir tónleikar í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu, þar sem hljómsveitin The Bangoura Band leikur fyrir dansi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Fyrir hönd mannréttindaráðs Reykjavíkur hvet ég alla borgarbúa til að taka virkan þátt í hátíðinni og njóta alls þess sem hún hefur upp á að bjóða.

Ryksuguúrval

MÚRBÚÐARVERÐ



Model-LD801
Cyclon ryksuga
2200W
8.990,-



Spandy heimilisyksugan
• 1600W
• afar hljóðlát
• mikill sogkraftur > 18KPA
• Hepa filter
• margnota poki

Drive ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta

7.490,-



5.990,-

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð? –
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Nafnlausum dalunnanda svarað

Nýlega birtist í þessu blaði grein eftir mig undir fyrirsögninni Skógræktaröfgar í Elliðaárdal.

Nokkru fyrr tjáði ég mig um niðurstöður rannsókna á torlæsi allstórs hóps ungmenna á Íslandi. Hef ekki séð niðurstöður rannsókna á torlæsi fullorðinna.

Mér verður hugsað til þess síðarnefnda vegna athugasemda sem ég hef fengið vegna greinarinnar um skógræktina.

Mér barst nafnlaust bréf í pósti. Bréfitari segir: „Ég býst við að þú eigir einhvern vin í þessum húsum þar sem þú ert að verja þessar hamfarir.“

Ég get upplýst bréfitara um að ég þekki ekki nokkurn mann sem býr við Rituhóla. Ég segi heldur ekki eitt einasta orð til að verja gerðir íbúa við Rituhóla. Ég segi bara hvað þeir gerðu og hvers vegna. Greinin var að mestu skrifuð á haustmánuðum. Kveikjan var veiðidagur sem ég átti í Elliðaánum síðasta sumar þar sem ég komst að því að trjáam hafði verið plantað á göngustíg sem veiðimenn ganga meðfram ánni. Málsgreinin um Rituhólamálið var bætt

við daginn sem greinin var send inn.

Bréfitari segir líka: „Ég hvet þig til að ganga um svæðið og sjá hamfarirnar. Þarna verður aldrei mólendi þótt skógurinn verði felldur...“ Ég hef alls ekki lagt til að skógurinn verði felldur. Ég læt aðeins í ljós þá ósk mína að svæðið milli athafnasvæðis Fáks og árinna fái áfram að vera trjálaust að mestu.

Ekki góðir síðir

Bréfitari spyr hvort ég gangi þarna daglega og hvort ég þekki náttúruna. Ég hef búið í nágrenni Elliðaárdalsins frá fæðingu, lék mér þar sem barn og hef notið útivistar þar sem fullorðinn. Í 30 ár hef ég ýmist gengið eða hjólað um dalinn til vinnu minnar.

Í fullri auðmýkt viðurkenni ég að þekking mín á náttúrunni er takmörkuð og ég vinn að því að bæta hana. Ég hef þó lokið háskólaprófi í efnafræði og setið háskólanámskeið m.a. í umhverfis- og auðlindafræði, líffræði, fuglafræði og jarðfræði. Í 34 ár hef ég kennt náttúrufræðigreinar í framhaldsskóla.

→ **Ég hef alls ekki lagt til að skógurinn verði felldur. Ég læt aðeins í ljós þá ósk mína að svæðið milli**

Útivist, náttúruskoðun og náttúruvernd hafa verið aðaláhugamál mín í meira en 40 ár. Með þessu hef ég stundað landslagsljósmyndun, fuglaskoðun og fuglaljósmyndun.

Ég hef ritað blaðagreinar um náttúruvernd. Nýlega skrifaði ég forsætisráðherra opið bréf í viðleitni minni til að koma í veg fyrir skemmdarverk á Þríhnúkaegg. Einnig sendi ég nýlega inn tillögu á „Betri hverfi“ þess efnis að uppræta lúpínu í hverfisríki Bugðu í Norðlingaholti. (Bréfitari spurði: „Veist þú að lúpínan er að yfirtaka dalinn?“)

Bréfitarinn sem kallar sig dalunnanda segir: „Þar sem ég veit ekki hvort ég er að senda réttum ritara bréfið þá sleppi ég nafninu mínu. Þó að ég skammist mín ekki fyrir að senda þetta bréf.“

Ég verð að hryggja dalunnanda með því að á meðal síðaðs fólks teljast það ekki góðir síðir að senda fólki nafnlaus bréf. Vonandi sér hinn nafnlaus dalunnandi að sér.

Sumarblómin komin!

íslensk úrvæls ræktun

FULLT AF
SPENNANDI
TILBOÐUM

TÆKI OG TÓL SEM ÞÚ GETUR TREYST
FYRIR GARÐINN ÞINN




MESTO STIHL FELCO MASTER CASTELGARDEN RIBIMEX FRPOND

FINNSKU ÁVAXTATRÉN
KOMIN!




MÆÐRADAGS
BLÓMVÖNDUR

STYÐJÓÐ MUNAÐARLAUS
BÖRN OG KAUPIÐ SOS
MÆÐRADAGSBLÓM Í GARÐHEIMUM



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á 

HELGIN

Haldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, útibússtjóri og lýsandi í Formúlnni

Dale Carnegie og þríbraut

„Ég er á Dale Carnegie-námskeiði fyrir þjálfara allan daginn í dag en tek mér pásu í hádeginu fyrir tímatökuna í Formúlnni. Á sunnudaginn byrja ég daginn á Kópavogspríbrautinni, fer svo að lýsa Formúlnni og lýk deginum með góðri hjólaæfingu.“



Atli Fannar Bjarkason framkvæmdastjóri

Í partí til Ragga

„Ég ætla að fara í partí til Ragga félaga míns. Hann er öflugur körfuboltamaður og fínn gaur. Partí hjá slíkum mönnum geta ekki klikkað.“



Edda Óskarsdóttir, fyrirsæta og námsmaður

Parf að læra

„Ég er í prófum og parf að læra um helgina. Það gæti þó verið að ég kíkí í heimsókn til bestu vinkonu minnar sem býr í Hveragerði.“



Dagur Hjartarson rithöfundur

Les Sjálfstætt fólk

„Ég ætla að halda áfram að lesa Sjálfstætt fólk og svo ætla ég að vinna í skáldsöggunni minni Davíð Oddsson og ég.“




Hjóladagur Vesturbæjar

Hjólin snúast

Hjólhestamót Hjóladagur Vesturbæjar verður haldinn í annað sinn í Hagaskóla í dag og byrjar dagskráin klukkan 10. Boðið er upp á þrautabrautir, hjólréiðakeppni, hjólaviðgerðir, skiptihjólamaður, skruðhjólatur og fleira.

Nemendur Hagaskóla sjá um veitingasölu og einnig verður markaður með ýmsan varning. Allir velkomnir, með eða án hjólhesta.



Vínymarkaður á KEX

Íslenskur vinyll

Kjarakaup Vínymarkaðurinn mætir aftur til leiks á KEX Hostel, í dag. Sérstaða þessa vínymarkaðar, sem nú er haldinn í fjórða sinn, er sú að einungis er boðið upp á íslenska músík á vinyll að þessu sinni.

Auk markaðarins munu alls konar hljómsveitir og tónlistarfólk koma fram, meðal annarra hljómsveitina Valdimar, Low Roar, Hjaltaín, Kippi Kaninus og fleiri.

Fjórði hefst klukkan 13 og stendur til klukkan 20.



Gengið um Álftanes

Söguganga

Hressandi Í dag verður boðið upp á fjölskyldugöngu á Álftanesi. Gengið verður frá bókasafninu að Jörva, þar sem María B. Sveinsdóttir ábúandi tekur á móti hópnum og leiðir göngu um svæðið kringum Jörva og Skansinn.

Mæting í bókasafninu í Álftanes-skóla, Eyvindarstaðavegsmegin.

Gangan, sem hefst klukkan 11, tekur um klukkustund og eftir hana verður boðið upp á hressingu á bókasafninu. Létt ganga fyrir bæði börn og fullorðna.



Í GÓÐUM FÉLAGS- SKAP Lilja Birgisdóttir ásamt þeim Jóhanni Erni Sigurjónssyni og Pálma Jónssyni af varðskipinu Þór.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórnar íslenska flotanum

Lilja Birgisdóttir er myndlistarmaður sem samdi tónverk fyrir skipsflautur fyrir nokkrum árum. Það verk var síðan valið til að opna Listahátíð í Reykjavík sem hefst næstu helgi.

Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is

Hafið er mér mikill innblástur og býr yfir djúpum leyndardóm og sannleik rétt eins og tónlistin fyrir mér. Þessir þættir sameinast í þessu verki,“ segir Lilja Birgisdóttir myndlistarmaður spurð um innblásturinn að verki sínu Vessel Orchestra sem er opunarverk Listahátíðar í Reykjavík sem sett verður næsta föstudag. Í því leika skipsflautur skipanna sem liggja við bryggju í Reykjavíkurböndum en Lilja mun stýra verkinu frá miðbakka Reykjavíkurbarnar. „Það hefur verið alveg ótrúlega gaman að undirbúa þetta verk, skip-

stjórnarnir og þeir sjómenn sem ég hef verið í sambandi við eru alveg yndislegir. Það er mér mikill heiður að fá að vinna með þeim.“

Bláamaður rólta með Lilju niður að höfn þar sem þau hittu fyrir skipstjóra Þórs, eins af varðskipum Landhelgisgæslunnar, sem leiðir okkur um skipið. „Við verðum bara að fylgjast með verkinu á netinu,“ segir Halldór B. Nellet, skipherra Þórs. „Þór verður farinn úr höfn en flauturnar í Tý og Ægi hljóma reyndar miklu betur,“ segir hann og bendir á skipin sem liggja við hlið Þórs.

Lilja samdi annað skipaflautuverk fyrir listahátíðina Villa Reykjavík sem haldin var árið 2010. „Núna hef ég fleiri hljóðfæri og nýja meðlimi í bandinu mínu,“ segir Lilja kímín en nú taka mun

fleiri skip þátt en fyrir þremur árum. „Og ég verð að bæta við að Úlfur Hansson hjálpaði mér við tæknilega gerð verksins.“

Lilja hefur fengist við myndlist síðan hún útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2010. Fyrir utan að sinna sinni list hefur hún líka unnið að margvíslegum hönnunarverkefnum ídulega í félagi við systur sína Ingibjörgu. Þær hafa meðal annars unnið mikið fyrir tónlistarmenn og hönnuðu til dæmis plötuumslög fyrir Sigur Rós og Jónsa, sem er bróðir þeirra. „Við erum mjög samrýmdar og eigum auðvelt með að vinna saman. Það er svo auðvelt fyrir okkur að segja nákvæmlega hvað okkur finnst um það sem hinir eru að gera, sem er auðvitað mikill kostur,“ segir Lilja en meðal þess

→ Lilja og systir hennar Ingibjörg hafa unnið mikið saman, meðal annars plötuumslög fyrir bróður sinn Jónsa í Sigur Rós.

sem þær systur eru að fást við eru verkefni fyrir Norræna húsið og útgáfa þeirra fyrstu bókar.

„Svo er ég reyndar líka að vinna fyrir Kling og Bang gallerí á Hverfisgötu 42 sem er listamannarekið gallerí sem fagnar 10 ára afmæli á árinu.“

Vessel Orchestra verður flutt klukkan 17.30. „Það verður gaman að heyra flautur skipanna óma um borgina. Vonandi mæta sem flestir,“ segir Lilja brosandí að lokum áður en hún er rokin.

Gengið saman á mæðradaginn

Árleg ganga til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini fer fram á morgun. Í ár verða einnig seldir bolir og höfuðklútar hannaðir af Magna og Hugrúnu í Kron og brjóstabollur í bakaríum til styrktar rannsóknunum.

Styrkir rannsóknir

Styrktarfélagið Göngum saman efnir til vörgöngu fyrir alla fjölskylduna víða um land á morgun, mæðradaginn, klukkan 11. Félagið styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini og hefur frá stofnun veitt íslenskum rannsóknaraðilum á sviði brjóstakrabbameins um 32 milljónum. Lagt er af stað frá Skautahöllinni í Laugardal í Reykjavík en nánari upplýsingar eru að finna á gongum-saman.is.

Bolir og höfuðklútar

Gangan er gjaldfrjáls en göngufólki gefst kostur á að styrkja rannsóknir á brjóstakrabbameini með frjálsum framlögum eða með því að festa kaup á margvíslegum varningi Göngum saman. Í ár verða meðal annars seldir bolir og höfuðklútar sem hannaðir voru sérstaklega fyrir félagið af Kron by Kronkron en á bak við það merki eru hönnuðirnir Magni Þorsteinsson og Hugrún Dögg Árnadóttir.

Brjóstabollur

Styrktarfélagið Göngum saman nýtur einnig góðs af samstarfi við Landsamband bakarameistara. Bakarar landsins standa fyrir sölu á brjóstabollum í bakaríum um allt land alla helgina í tengslum við mæðradaginn. Félagið hvetur landsmenn því til þess að bjóða upp á gómsætar brjóstabollur með kaffinu alla mæðradagshelgina og láta þannig gott af sér leiða, brjóstanna vegna.



DRÖGUM
Á ÞRIÐJUDAG



1.000

MILLJÓNIR SKATTFRJÁLSAR



**FULLT SKOTT AF
PENINGUM**

**5 milljónir króna
í skottinu**

á tvöfaldan miða

eða 10 milljónir í peningum.

SEX X VW BJALLA!

Sex sinnum á happdrættisárinu verður dregin út Volkswagen Bjalla, sportlegur lúxusbíll, 5 milljóna virði.

MILLJÓNAVINNINGAR

7x6 milljónir og 39x4 milljónir

Fjórtán 3 milljóna króna og sjötíu og átta 2 milljóna króna vinningar á einfaldan miða.

Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.

Miðaverð 1.300 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.

**Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.**



STYRKU MÁLEFNI
ALDRADRA

Leggjum okkar af mörkum og búum öldruðum áhyggjulaust æviköld. Happdrætti DAS hefur tekið þátt í því verkefni í 59 ár.

dregið í hverri viku

AKSTURSHÁTÍÐ

PRÓFAÐU HY

Þeir sem þekkja til Hyundai vita að nýju Hyundai bílarnir eru einhverjir vönduðustu bílar sem völ er á. Nú er komið að þér að reynsluaka virkilega góðum bíl hjá Hyundai. Hvort sem það verður jeppi ársins 2013, Hyundai Santa Fe eða Hyundai i20 með einni sparneytnustu dísilvél í heimi – þitt er valið.

Hyundai i30 Classic

Verð frá: **2.990 þús. kr.**
Eyðsla 6,0 l/100 km*



VINNUR ÞÚ iPad MINI
EÐA GISTINGU?



5 ÁRA ÁBYRGÐ – ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN fyrir Hyundai viðskiptavini. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun þeim að kostnaðarlausu.

Opnunartími Hyundai Kaupúni 1 (Beint á móti IKEA)

Opnið frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.

BL

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

HYUNDAI Í DAG

Hyundai i20 Classic

Verð frá: **2.490 þús. kr.**
Eyðsla 3,8 l/100 km*



JEPPI ÁRSINS 2013

Hyundai Santa Fe III – 2,2 dísil, sjálfskiptur.

Verð: **7.450 þús. kr.**
Eyðsla 6,6 l/100 km*



Hyundai ix35, 4x4 – 2,0 dísil, beinskiptur.

Verð: **5.390 þús. kr.**
Eyðsla 5,7 l/100 km*



GLAÐNINGUR FYRIR GESTI

Grillmeistarinn verður á staðnum milli klukkan 11 og 15 og grillar pylsur fyrir gesti og gangandi. Börnin fá blöðrur í tilefni dagsins.



HYUNDAI

Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
575 1200 - www.hyundai.is

OPIÐ Í DAG LAUGARDAG
FRÁ 10-16

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

ENEMM / SIA / NMS7796 *Mjóða við uppgæfner viðmáningatölur framleiðanda um eltsreyksnotkun í bíldrúðum áskrt.



ALEXANDRA WÓJTOWICZ Byrjaði að vinna sem au pair á Íslandi. Síðan þá hefur hún unnið ýmis störf, meðal annars í frystihúsi, við barnagæslu og á skrifstofu. Nú á löggustarfið hug hennar allan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alltaf dreymt um að vera lögga

Aleksandra Wójtowicz fluttist hingað til lands fyrir sautján árum. Hún er frá Póllandi en fjölskylda hennar kom til Íslands í von um betra líf eftir erfiðleika í heimalandinu. Hún hefur frá barnæsku verið ákveðin í því að gerast lögreglukona.

María Lilja
Prastardóttir
maria@frettabladid.is



Aleksandra Wójtowicz er fyrsti innflytjandinn á Íslandi til að ganga í lögregluna. Hún er frá Póllandi en fluttist hingað til lands árið 1998. Móðir hennar hafði þá flutt á undan börnun sínum eftir erfiðleika sem á fjölskyldunni dundu í kjölfar fráfalls föður hennar. „Við misstum allt á tveimur dögum. Húsið, pabba og allar eigur okkar,“ útskýrir Aleksandra. Hún segir mikilvægt að fólk sem flytjist á milli landa skilji ekki drauma sína eftir í heimalandinu heldur haldi sínu striki og sé ákveðin í að ná settu marki.

Fráfall föður og flutningar

„Ég flutti hingað 1996 og bjó lengst á Eskifirði eða í 13 ár. Ég ætlaði ekkert endilega að ílengjast hér,“ segir Aleksandra, sem nú er 32 ára. Hún kynntist fljótlega mannum sínum og þau stofnuðum til fjölskyldu. Hann er skólustjóri í Tónlistarskólanum á Eskifirði og býr þar með yngri börnunum þeirra. Sjálf býr Aleksandra í Reykjavík með elsta stráknum, en sá nemur matreiðslu. Aleksandra segist ekki ókunn þessu fjölskyldumynstri en oft geti það þó tekið á að búa ekki öll saman.

Móðir Aleksöndru flutti til Íslands á undan börnunum til þess að vinna, fyrir rúmum tuttugu árum síðan. „Mamma flutti fyrst ein í burt til þess að halda öllu saman. Hún neyddist til þess, þar sem lífið sem við þekktum í Póllandi breyttist hratt og varð skyndilega mjög erfitt. Við misstum húsið okkar og svo pabba okkar og allar eigur okkar á aðeins tveimur dögum. Mamma var hörkudugleg og ótrúleg hetja. Hún fórnaði sér fyrir fjölskylduna. Hún var líka mjög hörð á því að við systkinin kláruðum menntaskólann í Póllandi og fyrir það eigum við henni þakkir skildar. Við komum því hingað systkinin koll af kolli eftir að hafa lokið náminu.“

Úr frystihúsi á slökkviliðsbíl

Aleksandra var átján ára við komuna til

Íslands. Hún byrjaði að vinna sem au pair en síðan þá hefur hún unnið ýmiss störf, allt frá frystihússtörfum til barnagæslu og skrifstofustarfa. Nú síðast vann hún í tvö ár sem slökkviliðs- og sjúkraflutningakona í Fjarðabyggð.

„Þegar ég lauk skólanum var erfitt að fá vinnu innan lögreglunar. Ég fór því og lærði sjúkraflutninga til viðbótar. Það var svo í fyrri sem ég sótti um í alþjóðadeildinni hjá Ríkislögreglustjóra og fékk loks starfið sem ég þráði. Ég er alveg ótrúlega ánægð með það.“

Lögregluskólaganga Aleksöndru var henni ekki auðveld, en hún segist hafa það að leiðarljósi að gefast aldrei upp. „Íslenska er ekki auðveld að læra og hvað þá lögfræði á íslensku,“ segir Aleksandra og skellir upp úr. „En ég gafst aldrei upp. Á einhverjum tímamarki hélt ég að ekkert yrði úr þessu hjá mér og að ég gæti aldrei orðið lögga. Það virtist allt of erfitt en það er mér til happs að vera mjög ákveðin. Ég er líka svo heppin með góðan stuðning ástvina.“

Í byssuleikjum úti í skógi

Lögregludrauminn hefur Aleksandra borið með sér frá í æsku. Hún segist ekki hafa verið gefin fyrir þjatt og þrjál sem barn og fundið sig illa í leik með öðrum stúlkum. Þess í stað hafi hún stundað byssuleiki grimmt með drengjunum á svæðinu. „Ég hef alla tíð borið mikla virðingu fyrir lögregluþjónum og sem lítil stelpa í Póllandi leit ég mikið upp til þeirra. Ég var mjög strákaleg og var alltaf í byssuleikjum úti í skógi með strákunum en vildi ekki leika mér með dúkkur. Ætli það sé ekki þaðan sem draumurinn er sprottinn. Mér fannst aðdáunarvert hve lögreglumenn eru hjálpsamir og góðir og það var því langþráður draumur minn sem rættist þegar ég hóf að starfa innan lögreglunnar.“

Karllægur heimur lögreglunnar

Í nýútkominni ársskýrslu Ríkislögreglustjóra kemur fram að konur gegni aðeins litlum hluta þeirra starfa sem í boði eru innan lögreglunnar. Konur innan lögreglunnar eru aðeins um fjórtán prósent.

„Ég var mjög strákaleg og var alltaf í byssuleikjum úti í skógi með strákunum en vildi ekki leika mér með dúkkur. Ætli það sé ekki þaðan sem draumurinn er sprottinn.“

Aleksandra Wójtowicz

Hæsta hlutfall kvenna er á meðal lögreglu-fultrúa en það lægsta á meðal stjórnenda. Aleksandra segist ekki finna fyrir fordómum vegna uppruna síns í starfi sínu. Hún finni þó meira fyrir því að vera kona í karlastétt. „Það er augljóslega aðeins erfiðara að vera kona í karlastétt þótt það hafi ekki mikil áhrif á mig persónulega. Þeir hafa svolítið valdið innan stéttarinnar.“

Aðspurð segist Aleksandra ekki vita hvers vegna konur sæki síður fram innan lögreglunnar en segir það ef til vill tengjast samfélagsgerðinni og gömlum gildum.

„Kannski liggur áhugi kvenna ekki í þessa átt. Þetta er ekki fjölskylduvænt starf og oft hættulegt. Mér finnst skrítið að það séu ekki fleiri lögreglukonur. Ég sjálf beið eftir að börnin stækkuðu og fór þá af stað og gerðist lögga. Það er nefnilega ríkt í okkur konum að vilja hugsa um börnin okkar fyrst og fremst og þetta tengist ef til vill þessum gömlu gildum.“

Fordómar eitur fjölmennningar

Það dylst engum að Ísland er orðið að fjölmenningsamfélagi. Þróunin var hröð og hingað fluttust þúsundir Pólverja á mjög skömmum tíma. Því miður virðast fordómar gagnvart útlendingum ennþá vera til staðar.

Aleksandra segir þó að hún hafi ekki orðið mikil vör við fordóma samfélagsins í sinn garð og ef eitthvað slíkt hafi komið fyrir hafi hún látið það sem vind um eyru þjóta. Fordómar séu af hinu illa, eitur fjölmennningarinnar.

„Ég er mjög heppin hvað þetta varðar. Ég hef heyrt af mjög ljótum fordómum og pólskir vinir mínir hafa lent í ýmsu misfallu. Mér finnst það auðvitað hryllilegt en mín tilfinning er samt sú að það sé almennt mjög vel tekið á móti útlendingum hér á landi og það er vel.“ Hún segir

að málefnum nýbúa á Íslandi sé mjög vel háttað innan félagslega kerfisins þar sem margt er gert til að hjálpa fólki að aðlagast og komast hratt inn í samfélagið. Einnig séu allar upplýsingar mjög aðgengilegar. „Það er nær allt til á pólsku, sem er æðislegt, og ég veit það bara í gegnum vinnuna mína að margt gott starf er unnið. Ég veit það líka manna best að það er ekki auðvelt að aðlagast nýju samfélagi, þvert á móti fannst mér ég sjálf rekast á vegg. Það fór reyndar svolítið eftir því hvar ég bjó hverju sinni en stundum þurfti ég alveg á öllum kröftunum mínum að halda. Ég hætti samt ekkert að reyna og það er svo mikilvægt, að gefast ekki upp. Þetta hefst allt á endanum,“ segir Aleksandra.

Allt öðruvísi fátækt í Póllandi

Um ástandið í Póllandi segir hún að það fari svolítið eftir landshlutum hversu gott eða slæmt fólk hafi það.

„Ég reyni að fara heim til Póllands á hverju ári að heimsækja fólk mitt. Það fer eftir því hvaða hluta Póllands þú skoðar hvort ástandið sé orðið betra en var. Sumir segja það betra, aðrir eru mjög svartsýnir og margir af þeim sem hafa búið hér vilja koma aftur til Íslands. Það er allt öðruvísi fátækt í Póllandi en hérna og mér finnst varla að hér sé kreppa í samhengi við það sem ég þekki þaðan. Þetta er allt öðruvísi.“

Aleksandra er mjög hörð á að ekki megi gefast upp þó móti blási. Hún segir það ríkt á meðal útlendinga í nýjum samfélögum að leggja drauma sína á hilluna.

„Það skiptir ekki máli hver maður er eða hvar maður býr. Við eigum alls ekki að leggja draumana okkar til hliðar. Við eigum ekki að gefast upp en ég veit að margir gera það. Ég er lifandi sönnun þess að þetta er allt hægt ef þú vilt það nógu mikið. Allt getur orðið yndislegt.“

GÖNGUM SAMAN UM ALLT LAND

VERTU MEÐ Í MÆÐRADAGSGÖNGUNNI 12. MAÍ



AKUREYRI
BLÖNDUÓS
BORGARNES
EGILSSTAÐIR
HÖFN
ÍSAFJÖRÐUR
PATREKSFJÖRÐUR
REYÐARFJÖRÐUR
REYKJANESBÆR
REYKJAVÍK
SELFÖSS
SIGLUFJÖRÐUR
STYKKISHÓLMUR
VESTMANNAEYJAR

BRJÓSTABOLLUR MEÐ KAFFINU

Gómsæt leið til að styrkja lífsnauðsynlegar rannsóknir!

Landssamband bakameistara stendur fyrir sölu á brjóstabollum í bakaríum um allt land dagana 9.-12. maí. Þjóddu upp á brjóstabollur alla mæðradagshelgina og láttu þannig gott af þér leiða, brjóstanna vegna.



STYRKJUM GRUNNRANNSÓKNIR Á BRJÓSTAKRABBAMEINI

Árleg Mæðradagsganga styrktarfélagins Göngum saman verður á 14 stöðum á landinu. Í göngunni sameinumst við í hressandi útiveru og virkum stuðningi við grunnrannsóknir á eðli og orsökum krabbameina í brjóstum. Söfnunarbaukarnir verða á lofti og landsfrægur varningur verður til sölu. Komdu með - þú hefur gott af því!



Göngum saman

Allar göngurnar hefjast kl. 11. Á gongumsaman.is sérðu hvaðan lagt er í hann á hverjum stað.



FJÖLSKYLDAN ROKKAR Eypóri Inga líður best í faðmi fjölskyldunnar. Hann og Soffía Ósk Guðmundsdóttir hafa verið saman í þrjú ár. Hún átti fyrir tvær dætur, Báru Katrínu og Kristínu Emmu, en síðar eignuðust þau saman Elvu Marín. Mæðgurnar fóru utan til Malmö á fimmtudag en stórfjölskylda Eypórs heldur út á næstu dögum og ætlar að styðja við bakið á honum.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Finnst hann alltaf geta gert betur

Frá því að hann sló í gegn sautján ára gamall hefur **Eypór Ingi Gunnlaugsson** verið í sviðsljósinu. Velgengni á unglingsárum þýddi að hann þurfti að fullorðnast fyrir augum þjóðarinnar en það hjálpaði honum að öðlast meiri þroska en árin segja til um. Undir rokkaralegu yfirbragðinu er hann rólyndur fjölskylduþjálfari og manna ólíklegastur til að rústa hótélherbergi.

Bergsteinn Sigurðsson
bergsteinn@frettabladid.is



Dalvíkingurinn Eypór Ingi Gunnlaugsson býr sig nú undir stærstu stund ferils síns þegar hann stígur á svið í Malmö í Svíþjóð í næstu viku og syngur lagið Ég á líf fyrir hundruð milljónir víðs vegar um heim. Þetta er enn ein rósín í hnappagat þessa tæplega 24 ára gamla Dalvíkings, sem hefur verið lengi í bransanum og náð lengra en flestir jafnaldrar hans á Íslandi.

Eypór Ingi er fæddur á Dalvík 29. maí 1989, sonur hjónanna Gunnlaugs Antonssonar og Guðbjargar Stefánsdóttur. Guðbjörg minnst hans sem afar glaðværs og meðfærilegs barns, sem var ávallt sjálfum sér nógur og hafði alltaf eitthvað fyrir stafni. Hann var ekki fyrir farinn að tala eins og háls árs gamall þegar hann byrjaði að syngja og snemma kom í ljós að hann var náttúruvalent.

„Hann hlustaði mikið á ævintýri og leikrit, Kardimommu-bæinn og Dýrin í Hálsaskógi. Hann var alltaf mjög lagviss og ótrúlega fljótur að læra texta.“ Framan af fékk hann sitt tónlistarlega uppeldi hjá ömmu sinni, sem var mikill addáandi Elvis Presley og var ekki hár í loftinu þegar hann var byrjaður að syngja slagara með honum.

„Hann var ekki alveg með enskuna á hreinu og þau gátu verið svolítið skondin sum orðin sem komu út úr honum,“ segir Guðbjörg og hlær. Þá tók hann ást-

fóstri við Ladda, hlustaði mikið á plöturnar hans og náði svo góðu valdi á karakterunum hans að hann sigraði í eftirhermukeppniinni Laddanum í Rás 2 árið 2009 og steig síðar á svið með honum í Þjóðleikhúsinu.

Liðtækur harmonikkuleikari

Sjö ára gamall byrjaði Eypór Ingi að læra á harmoniku, sem er eina formlega tónlistarmentunin sem hann hefur hlotið, og er víst nokkuð liðtækur harmonikkuleikari. Hann segist þó fljótlega hafa gefist upp á að reyna að lesa nótur og einfaldlega spilað eftir eyranu. Um tíu ára aldur fór faðir Eypórs að kynna fyrir honum hetjur hipparokksins, Deep Purple, Led Zep-pelin og fleiri.

„Þá varð ekki aftur snúið,“ segir Guðbjörg. „Hann varð algjörlega heltekinn af þessari tónlist.“

Þrettán ára lagði Eypór Ingi dragspilið á hilluna og tók í staðinn upp kassagítarinn, sem hann kenndi sér sjálfur á. Ottó Elíasson, æskuvinnur Eypórs, segir að í honum hafi alltaf blundað skemmtikraftur. Hann hafi tekið þátt í öllum skólaleikritum og haft mikinn áhuga á kvikmyndum.

„Við vorum að fást við að gera stuttmyndir saman en enginn gerði saman leiddumst við út í tónlist og hún varð síðan algjörlega ofan á.“

Tónlistaráhugi Eypórs fór ekki fram hjá neinum en enginn gerði sér í rauninni grein fyrir hversu miklu hæfileika hann hafði fyrir á sextánda eða sautjándanda ári. Árið 2004 tók hann þátt í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á Óliver og ári síðar, þegar hann var á fyrsta ári í VMA, lék hann aðal-

hlutverkið í Jesus Christ Superstar í uppfærslu VMA og MA.

„Það var þá sem ég áttaði mig á hversu góður hann er,“ segir Guðbjörg. „Ég vissi ekki að hann hefði svona ótrúlegt breitt og sterkt raddsvið. Ég hafði alltaf haldið að hann myndi leiðast út í leiklist en það var þarna sem mig fór að gruna að tónlistin yrði fyrir valinu.“

Árið 2007 vakti hann rækilega athygli þegar hann sigraði örugglega í Söngkeppni framhaldsskólanna með kraftmiklum flutningi á Deep Purple-laginu Perfect Stranger, sem nefndist á íslensku Framtíð bíður. Ekki var um villst að hér var mikið efni á ferð sem líklegt væri að myndi láta að sér kveða áður en langt um liði.

Stjarna er fædd

Með þennan meðbyr ákvað hann að hætta í VMA og helga sig tónlistinni. Hann segist ekki hafa fundið sig í skóla þar sem hann er lesblindur og með athyglisbrest. Stóra tækifærið kom ári síðar þegar Eypór Ingi heillaði Bubba Morthens upp úr skónum og bar sigur úr býtum í sjónvarpskeppniinni Bandið hans Bubba. Þetta kom Eypóri endanlega á kortið. Hann hefur haft lífíbrauð af tónlistinni allar götur síðan. Árið 2009 fengu Stuðmenn hann til liðs við sig til að fylla í skarð Egils Ólafssonar og síðar gekk hann til liðs við Todmobile og tók upp plötu með þeim. Þá fór hann með stórt hlutverk í Rocky Horror Picture Show og lék í Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu í fyrra.

Fullorðnaðist snemma

Eypór er trúlofaður Soffíu Ósk Guðmundsdóttur en þau hafa ▶



→ Eins og frægt er orðið fékk Eypór Ingi í skammir í sjóhattinn fyrir að verka karfa í myndbandinu við Ég á líf. Hann er þó enginn landkrabbi heldur var þrjú sumur á sjó með Gunnlaugi föður sínum frá þrettán til fimmtán ára aldurs.



KYNNÁ

DÝRLINGAR
ROKKSÖGUNNAR
Í LAUGARDALSHÖLL

FÖSTUDAGINN 12. JÚLÍ 2013 KLUKKAN 21.00

Deep Purple

&

Gadafoss

TRÚBROT | MÁNAR | NATTÚRA

MAGNÚS KJARTANSSON
GUNNAR FÓRÐARSON

RAGNAR SIGURJÓNSSON
SPÁNI KRISTJÁNSSON

ÞJÖRGVIN GÍSLASON
OG FLEIRI...

FLYTJA

GÖMLU MEISTARAVERKIN SÍN

EINIG
THE VINTAGE CARAVAN


VÍKING
Léttöl

midi.is

NOKKRIR BAUTASTEINAR Á ÆVI EYBÓRS INGA

Tekur þátt í upp-færslu Leikfélags Akureyrar á Óliver.

Fer með aðalhlutverkið í Jesus Christ Superstar í sameiginlegri upp færslu MA og VMA.

Leikur Berger í upp færslu Silfurtunglsins á Hárinu í Hofi og Hörpu.

Fer með hlutverk Maríusar í Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu.

Sigrar í undankeppni Eurovision á Íslandi með laginu Ég á líf.

2004

2007

2008

2010

2011

2011-2012

2013

Eyþór Ingi sigrar í Söngvakeppni framhaldsskólanna með laginu Framtíð bíður, sem hann flutti fyrir Verkmennaskólann á Akureyri.



Sigrar í Bandinu hans Bubba.



Leikur Riff Raff í upp færslu LA á Rocky Horror Picture Show. Tilnefndur til Grímunnar fyrir söng sinn í verkinu. Er gestasöngvari með Stuðmönnum og túrar um landið með þeim. Gengur til liðs við hljómsveitina Todmobile og syngur inn á plötuna 7 sem kom út ári síðar.



VERÐUR EKKI SÍÐHÆRT GAMALMENNI

Eitt af sérkennum Eyþórs er hið síða, ljósa hár sem hann hefur skartað síðan hann var sextán ára. Móðir hans segir það hafa farið í taugarnar á henni í fyrstu og hún hafi suðað í honum að fara í klippingu. „En núna gæti ég ekki hugsað mér að hafa hann öðruvísi.“ Hárið er Eyþóri svo til heilagt, eftir sigurinn í undankeppninni tók hann það fram að hann væri reiðubúinn til að gera hvað sem áður en hann færi utan til Malmö nema að fara í klippingu. „Það kemur ekki til greina að láta skerða hárið,“ segir Guðbjörg. „En hann segist ekki ætla að verða síðhært gamalmenni. Hann á því eftir að fara í klippingu einhvern daginn en ekki á næstunni.“

► verið saman síðan 2009, þegar Eyþór stóð á tvítugu. Soffía, sem er Húsvíkingur og vinnur á tannlæknastofu, er sjö árum eldri en Eyþór. Þau kynntust einu og hálfu ári áður en í viðtali við DV árið 2010 sagði Eyþór að aldursmunurinn hefði komið í veg fyrir að þau byrjuðu saman fyrr.

„Við komumst hins vegar fljótlega að því að aldur skiptir ekki máli, þar sem við gátum ekki hætt að hugsa hvort um annað,“ sagði hann þá. Móðir Eyþórs segir hann ávallt hafa verið fullorðinn í sér, bæði til orðs og æðis.

„Kannski er það vegna þess að hann umgekkst langafa sinn og langömmu sína mjög mikið,“ segir hún. „Enn þann dag í dag segir fólk við mig: Það getur ekki verið að hann sé bara 23 ára.“ Undir það tekur Soffía, sem segir aldursmuninn ekki hafa sett strik í reikninginn þegar á hólminn var komið. „Ég hristi höfuðið þegar hann sagði mér hvað hann væri gamall, því þegar ég var að tala við hann hvarflaði ekki að mér að þessi maður væri yngri en ég.“ Soffía Ósk átti tvær dætur frá fyrra sambandi, Báru Katrínu og Kristínu Emmu. Soffía segir það bera þroska Eyþórs vitni hversu áreynslulaust hann tileinkaði sér uppeldis hlutverkið aðeins tvítugur að aldri. „Hann er ótrúlega ljúfur og ábyrgur og tekur föðurhlutverkið alvarlega.“ Fyrir rúmu áru eignuðust þau saman dótturina Elvu Marín.

Rólegur rokkari

Í útliti er Eyþór staðalmynd rokkarans og sækir greinilegan innblástur í átrúnaðargoð sín frá hippatímanum. Hann hefur hins vegar ekki tileinkað sér lífshætti þeirra, sem einkenndust af partístandi og sukki. Hann er í fullri dagvinnu sem pabbi en á kvöldin klæðir hann sig í rokkallann og stígur á svið. „Hann er ótrúlega rólegur og þolinmóður og líklega manna ólíklegastur til að rústa hótélherbergi,“ segir Soffía Ósk og hlær. Ottó segir að eflaust hefði velgengni í tónlistarbransanum stigi mörgum jafnöldrum Eyþórs til höfuðs og þeir látið gleppjast af freistingum hans. „Það hefur aldrei verið vandamál hjá honum; hann er bara sami Eyþór og maður þekkti. Hann er mjög þroskaður og hefur sterka jarðtengingu.“ Sjálfur segir Eyþór rokkið ekki snúast um „sex, drugs and rock n' roll“. „Nú til dags snýst rokkið svo mikið um það að vera heiðarlegur og samkvæmur sjálfum sér. Rokkarar þurfa ekki lengur að ganga um í leðurbuxum, vera uppþópaðir og

líma húsgögnin sín á hvolf, það er bara liðin tíð.“

Soffía heldur því þó til haga að hann sé ekki skaplaus. „Hann er mikil tilfinningavera og rétt-sýnn; getur verið mjög fastur á sínu, sérstaklega þegar hann veit að hann hefur á réttu að standa.“

Eyþór er tónlistarmaður af lífi og sál og á sér fá áhugamál utan hennar. Ottó segir að þótt hipparokkið sé í uppáhaldi hjá honum hafi hann víðfeðman smekk.

„Hann kann bara gott að meta, hvort sem það heitir Led Zeppelin, Radiohead eða Rufus Wainwright.“

Eyþór hefur engan áhuga á íþróttum, er nánast antisportisti og Soffía segir að það hafi unnið með honum á sínum tíma að hann hertekur ekki sjónvarpið á sunnudögum yfir enska boltanum. Hann er hins vegar mikill sælkeri og finnst gott að gera vel við sig í mat og drykk. Uppáhaldið var plokksfiskur sem Anton afi hans heitinn eldaði en nú kann hann ekkert betur að meta en grillaða hnísu að hætti föður síns.

Þeir sem þekkja Eyþór nefna óstundvísi sem hans helsta löst.

„Hann er náttúrulega með athyglisbrest á háu stigi og oft í litlu sambandi við klukkuna,“ segir Soffía og hlær. „Hann hefur hins vegar lært að lifa með því og þetta kemur ekki niður á vinnunni.“

Ótrúlega sjálfsgagnrýnninn

Allir eru sammála um að hann geri gífurlegar kröfur til sjálfs sín, stundum of miklar.

„Hann er mjög sjálfsgagnrýnninn og harður við sjálfan sig,“ segir Soffía. „Það getur sjálf-sagt verið kostur, hann er líklega þar sem hann er vegna þess að hann gerir miklar kröfur til sín. Hann er með fullkonnunaráráttu; aldrei fyllilega ánægður og finnst hann alltaf geta gert betur.“

Undir það tekur móðir hans. „Kröfurnar eru svo miklar að þær geta staðið honum fyrir þrifum. Ég hugsa að þetta sé að hluta til ástæða fyrir því að hann er ekki enn búinn að gefa út sólóplötu,“ en Eyþór vinnur nú um mundir að sinni fyrstu plötu með eigin efni.

Fjölmargir ástvinir Eyþórs ætla til Malmö og eru ekki í nokkrum vafa um að hann eigi eftir að glansa á sviðinu.

„Honum líður svo vel á sviðinu,“ segir Soffía. „Hann verður kannski stressaður á undan, þótt hann láti ekkert á því bera. Fær kannski hnútt í magann. En það hverfur um leið og hann stígur á sviðið.“



Á ÆFINGU Í MALMÖ Eyþóri líður vel á sviði. Hann verður stundum stressaður fyrir tónleika en um leið og hann stígur á svið fyllist hann öryggi og kvíðinn lætur undan. MYND/VALGEIR MAGNÚSSON

HELGARMATUR á góðu verði!



799 kr. kg

Krónu ferskur kjúklingur



1988 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
ÍM kjúklingabringur



20%
afsláttur

2998 kr. kg

Verð áður ~~3898~~ kr. kg
Kindalundir



15%
afsláttur

2998 kr. kg

Verð áður ~~3548~~ kr. kg
Kindafille



15%
afsláttur

2293 kr. kg

Verð áður ~~2698~~ kr. kg
Kindainnanlærsvöðvi



2
lítrar

198 kr. stk.

Pepsi Max, 2 lítrar



Nýtt!



109 kr. stk.

Egils MixÖpp, 0,5 l



145 kr. pk.

Maryland kex, 4 tegundir



Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is



TAXFREE
VERÐ KR.
119.442
FULLT VERÐ
149.900

TAXFREE-DAG

FÖSTUDAG – LAUGARDAG

20,32% AF ÖLLI

HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGIND



Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardag frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudag frá kl. 13.00-17.00



**NÝTTU
TÆKIFÆRIÐ
FRÁBÆR
KAUP**

**GAR Í DORMA
RDAG – SUNNUDAG
LUM VÖRUM!**

ASTÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | RÚMFÖT O.FL.





EITT SINN BÆKER – ÁVALLT BÆKER Jesse James, mótörhjólasmíður í Salina.



FÁKURINN PRJÓNAR Hank, vinur Spessa og velgjörðarmaður.



KOMINN HEIM Jackie er reyndar hermaður, en byssur eru almenningseign í Kansas.

Lúta eigin lögmálum

Mótörhjólakappar í Kansas eru viðfangsefni ljósmyndarans Spessa á sýningunni Nafnlaus hestur. Spessi bjó í tæpt ár í Manhattan í Kansas og upplifði af eigin raun þá sérstæðu menningu sem mótörhjólunum fylgir.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Það er mikið um að vera í Frystihúsinu við Hafnarbraut þessa dagana. Þar býr og starfar ljósmyndarinn Spessi, sem á Listahátíð mun sýna í Ljósmyndasafninu myndir sem hann tók af mótörhjólaköppum í Kansas í Bandaríkjunum.

Heiðurssest í vinnustofunni skipar veglegt mótörhjól sérsmíðað fyrir Spessa en auk þess eru þar annað mótörhjól, nokkur reiðhjól, staflar af myndum og hundurinn Fidel sem Saga, dóttirin á heimilinu, tilkynnir mér að sé orðinn þrettán ára. En hvernig vildi það til að fjölskyldan flutti til Kansas í heilt ár?

„Við Bergsteinn Björgúlfsson erum að vinna heimildarmynd um mótörhjólmenningu í Bandaríkjunum og þótt ég hafi verið þar töluvert fannst mér einhvern veginn að ég þyrfti að búa þar um tíma til að komast almennilega inn í þetta. Ég lét smíða fyrir mig mótörhjól í Las Vegas 2008 og geymdi það í Memphis, þannig að ég hef verið að fara þangað yfir veturinn og víðra mig aðeins en

gat aldrei stoppað nógu lengi. Til þess að fá landvistarleyfi lengur en þrjú mánuði ákváðum við að Áróra konan mín, sem var í listfræði í háskólanum hérna, færi í skiptinám einhvers staðar í BNA. Hún gat ekkert valið hvert hún myndi fara og við urðum dálítið hissa þegar við fengum staðfestingu á að við værum að fara til Kansas. Okkur fannst það samt dálítið spennandi og ákváðum að láta slag standa og drífa okkur. Sem betur fer, því þetta var akkurat staðurinn sem mig vantaði. Þetta er það sem maður sér fyrir sér þegar maður hugsar um Ameríku.“

Kúrekar á vélfákum

Ekki hafði fjölskyldan verið lengi á staðnum þegar Spessi fór á stjá og leitaði að mótörhjólaköppum. „Af því að hjólið mitt er sérsmíðað var smá vesen að fá það skráð, það vantar á það stefnuljós og hraðamæli og svona. Þá var mér bent á strák sem byggði í næsta bæ, 40 mílur í burtu. Ég mæti á staðinn, fer inn á kaffihúsið, hitti þar konu og spyr hana um mótörhjólaverkstæði Hanks. Þá kemur í ljós að hann er maðurinn hennar og verkstæðið er bara beint á móti kaffihúsinu. Við náðum strax vel saman, töluðum sama tungumálið, mótörhjólalungumálið, og hann bara tók mig upp á sína arma.

Kynnti mig fyrir hinum mótörhjólagejunum, enda ekki langt fyrir hann að fara til þess. Þabbi hans, sem er að verða sjötugur, er bækur og sömuleiðis allir vinir hans og þeir bara tóku mig inn í grúppuna eins og ekkert væri eðlilegra.“

Hvað er svona sérstakt við þessa menningu? „Þetta er svolítið eins og þjóðflokkur þannig að þetta var eiginlega etnógrafísk rannsókn líka. Það er talið að þetta hafi byrjað upp úr stríðinu þegar hermennirnir sem höfðu barist í seinni heimsstyrjöldinni komu heim og áttu erfitt með að aðlagast venjubundnu lífi. Það eru herhjól úti um allt sem hægt er að fá fyrir lítinn pening og hermennirnir fara að mynda klikk sem fara um á mótörhjólum dálítið eins og kúrekararnir gerðu í villta vestrinu. Þetta er alveg sama stemningin.“

Snýst um frelsi

Hvað með lífstílinn sem goðsögnin segir að fylgi mótörhjólaköppunum, er þetta villt líf? „Alls ekki. Í Kansas er þetta bara eðlilegur hluti af tilverunni, ómengað af einhverju hipsterdóti. Þetta eru bara venjulegir menn sem fara um á mótörhjólum. Það er samt auðvitað hluti af menningunni að setja sínar eigin reglur og vera á móti yfirvaldi. Það er arfleifið frá



fyrstu mótörhjólaklíkunum. Þetta snýst um frelsi, það er ekki til meiri frelsistilfinning en að vera á fleygiferð á mótörhjól eftir veginum, algjörlega sinn eigin herra. Það jafnast ekkert á við það.“ Þótt Spessi sé fluttur heim hefur hann engan veginn sagt skilið við Ameríku. Planíð er að hefja tókur á

heimildarmyndinni í febrúar á næsta ári og þá ætlar hann að hjóla frá New York til Hollister og rekja sögu mótörhjólmenningarinnar aftur á bak. Áætluð frumsýning er svo 2015. Þangað til er hægt að ylja sér við myndirnar á Ljósmyndasafninu, en sýningin verður opin fram í ágúst.

NAFNLAUSI HESTURINN HVÍLDUR Spessi lét sérsmíða hjólið í Las Vegas og tók með sér til Kansas.
MYND/HENRY

Sumarið er komið

Frí landslagsráðgjöf til 1. júní

Áslaug Katrín
Aðalsteinsdóttir og
Inga Rut Gylfadóttir,
landslagsarkitektar (FÍLA),
aðstoða þig við að gera
hugmyndir þínar um
fallegan garð að veruleika.

PPAR/VBWA - SA - 131488

Einstaklingum bjóðast vaxtalaus lán til lengri og skemmri tíma.

BM Vallá
Breiðhöfða 3, Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is

BM Vallá
Austursíðu 2, Akureyri

Sími: 412 5203
sala@bmvalla.is



BM·VALLÁ

bmvalla.is

MÁLMAFERÐIN ER HEIMILISPRÝÐI

Það er ekki bara í fataskápnum sem litir á borð við kopar, gull og silfur þykja fallegir. Hinn eini sanni Tom Dixon-koparkúpull hefur löngum þótt mikil heimilisprýði og undanfarið hefur gömul sem og ný hönnun komið með málmáferð. Skemmtileg tilbreyting inn á heimilið sem þó ber að nota í hófi innan um aðra minna áberandi liti.



SKEMMTILEGT Koparljósið setur skemmtilegan svip á eldhúsið.

PENNASTANDUR frá Fern Living í kopar.



STELTON-KÖNNUR Könnurnar frá Stelton í kopar, gull og silfur.



JÓN Í LIT

KLUKKA George Nelson-klukkan í gull og svörtu.

Skínandi sumarlitir

SIMONE ROCHA



Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Hönnuðir heimsins voru flestir hverjir sammála um að flíkur með svokallaðri málmáferð væru nauðsynlegar í fataskápinn fyrir sumarið. Hið fornfræga tískuhús Burberry setti tóninn er hinn klassíski rykfrakki leið niður tískupallinn fyrir sumarið 2013 í skínandi litum. Flíkur með málmáferð setja skemmtilegan svip á sumardressið.

CHLOE



BURBERRY PRORSUM



BURBERRY PRORSUM



DAMIR DOMA



MICHAEL KORS



DAMIR DOMA



SIMONE ROCHA



BÍLA KAFFI

RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG

OPIÐ FRÁ 12-16



RENAULT MEGANE SPORT TOURER

3,7 L/100 KM M.V. LANGREISU SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL
FJÖLSKYLDUBÍLL SEM FER HRINGINN Á EINUM TANKI!

3.590 þús. kr.  DÍSIL

P FRÍTT Í STÆÐI Á
FRÍTT Í STÆÐI!
MÍÐBORGARSVÆÐINU



NISSAN QASHQAI DÍSIL

4.990 þús. kr.

Eldsneytisnotkun einungis frá
4,6l/100km.

NÝR SUBARU FORESTER

Nýr Subaru Forester eyðir einungis:

6,5 l/100 km

í blönduðum akstri



5.990 þús. kr. sjálfskiptur



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BERGLIND OG SVAVAR Hafa komið víða víð og tekið að sér alls kyns störf um allt land – og víðar



OPNUN HAVARÍS



BERGLIND UNDIRBYR GIGG



PRINS PÓLÓ OG FRÚ



SVAVAR Í SNJÓNUM Á SEYÐISFIRÐI

Lifa í dagdraumunum

Svavar Pétur Eysteinnsson og Berglind Häsler lifa engan veginn dæmigerðu lífi. Þeim finnst ekkert eðlilegra en að taka sig upp með alla fjölskylduna, sem telur fjóra meðlimi og mun telja fimm í ágúst, og flytja úr landi eða út á land. Og nú er Svavar kominn í framleiðslu á grænmetispylsum, Bulsum, sem hann þróaði í eldhúsinu heima. Hvernig fara þau að þessu?

Friðrika Benónýsdóttir
fridikab@frettabladid.is



